2. Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum	2 817,6	3 265,1
Þar af: Skólabyggingar	1 062,2	1 060,0
Hafnagerð	598,1	697,4
Sjúkrahús og læknaústaðir ..	607,8	795,6
Landbúnaðarmál	319,2	449,2
Annað	230,3	262,9
II Fjárfestingarstyrkir	365,3	387,4
1. Til sveitarfélaga	260,8	286,6
Þar af: Vegir í kaupst. og kaupstöðum	254,6	281,2
Annað	6,2	5,4
2. Til einstaklinga og samtaka	104,5	100,8
Þar af: Styrktarsjóður vangefinna ...	33,5	31,8
Annað	71,0	69,0

1) Breytingar skv. lögum nr. 11/1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum meðtaldar.

	Fjárlög 1975 1)	Frumvarp 1976
III Framlög til fjárfestingarsjóða, lána- greiðslna og endurlána	4 414,3	5 333,5
1. Til fjárfestingarsjóða	3 454,0	4 279,6
Par af: Byggingasjóður ríkisins	1 578,4	1 990,2
Bygðasjóður	860,0	1 123,0
Byggingasjóður verkamanna ..	150,0	95,0
Fiskveiðasjóður	312,0	380,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	202,0	293,6
Iðnlánasjóður	50,0	47,5
Iðnrekstrarsjóður	50,0	47,5
Aðrir sjóðir	251,6	302,8
2. Til lánagreiðslna og endurlána	960,3	1 053,9
Par af: Ríkisábyrgðasjóður (þ. m. t. togaralán)	186,5	578,6
Landshafnir, endurgr. lána ..	89,2	140,7
Hafnabótasjóður	70,2	82,2
Endurlán til rafvirkjana og hitaveitna	300,0	—
Orkusjóður	119,7	—
Annað	194,7	252,4
Framkvæmdaframlög samtals	15 346,0	19 011,8

7. Verklegrar framkvæmdir samkvæmt A- og B-hluta fjárlagafrumvarps
1976 og fjáröflun til þeirra.

(Í millj. kr.)

	Framkvæmd	Eigið fé	Fjárveiting	Lántökur
I Rafvirkjanir og veitur	7 851,7			
Landsvirkjun	2 831,7		52,3	2 779,4
Laxárvirkjun	20,0	20,0		
Aðrar raforkuframkvæmdir	5 000,0			5 000,0
II Samgöngumannvirki	4 675,6			
Vegagerð	2 454,8		1 404,8	1 050,0
Almenn hafnagerð	697,4		697,4	
Landshafnir	460,0		150,0	310,0
Flugvallagerð	295,0	43,0	252,0	
Póstur og sími	750,0	662,0		88,0
Önnur samgöngumál	18,4		18,4	
III Önnur opinber starfsemi	4 356,0			
Skólabyggingar	1 425,7		1 425,7	
Sjúkrahús	1 134,6		1 134,6	
Landbúnaðarmál	989,7		989,7	
Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði	285,0			285,0
Aðrar framkvæmdir	521,0		441,0	80,0
Samtals	16 883,3	725,0	6 565,9	9 592,4

8. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa.

Skipting eftir tekjustofnum.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		1 322 000
Tryggingastofnun ríkisins	1 322 000	
Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum		552 500
Tryggingastofnun ríkisins	552 500	
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		204 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	204 000	
Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga		4 920
Byggingasjóður ríkisins	4 920	
Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga		4 600
Byggingasjóður ríkisins	4 600	
Hluti af eignarskatti		75 000
Byggingasjóður ríkisins	75 000	
Erfðafjárskattur		60 000
Erfðafjárjóður	60 000	
Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga		86 000
Byggingasjóður ríkisins	86 000	
Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga		9 900
Byggingasjóður ríkisins	9 900	
Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum		33 000
Ríkisútvarpið, sjónvarp	33 000	
Gúmmígjald		99 000
Vegasjóður	99 000	
Innflutningsgjald af bensini		1 934 000
Vegasjóður	1 934 000	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		21 500
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	21 500	
Byggingasjóðsgjald af innflutningi		52 700
Byggingasjóður ríkisins	52 700	
Hluti af vörugjaldi		20 000
Styrktarsjóður vangefinna	20 000	
Álgjald		141 000
Byggðasjóður	141 000	
Miðagjald til Menningarsjóðs		10 000
Menningarsjóður	10 000	
Skemmtanaskattur		59 000
Sinfóniuhljómsveit	5 900	
Félagsheimilaskattur	53 100	
Launaskattur		1 740 000
Byggingasjóður ríkisins	1 740 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Ferskfiskmatsgjald		59 000
Ferskfiskeftirlit	59 000	
Iðnaðargjald		22 000
Rannsóknastofnun iðnaðarins	22 000	
Gjald af seldum vindlingum		43 000
Landgræðslusjóður	15 351	
Krabbameinsfélag Íslands	11 825	
Íþróttasamband Íslands	7 912	
Slysavarnafélag Íslands	7 912	
Gjald af seldum eldspýtum		2 000
Styrktarsjóður fatlaðra	2 000	
Sérleyfisgjald		6 000
Sérleyfissjóður	6 000	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		7 500
Gæsluvistarsjóður	7 500	
Útflutningsgjald af sjávarafurðum		25 000
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	17 825	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	7 175	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		400
Krabbameinsfélag Íslands	400	
Vitagjald		19 000
Vita- og hafnamálastofnunin	19 000	
Skipaskoðunargjald		8 500
Siglingamálastofnun ríkisins	8 500	
Bifreiðaskattur		537 000
Vegasjóður	537 000	
Skipulagsgjald		32 000
Skipulagsstjóri	32 000	
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.		33 000
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	33 000	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		10 000
Ríkisábyrgðasjóður	10 000	
Sérlyfjagjald		1 400
Lyfjaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit	1 400	
Samúðarskeyti Landssímans		8 000
Minningarsjóður Landspítalans	8 000	
Rafmagnseftirlitsgjald		45 168
Rafmagnseftirlit ríkisins	45 168	
Verðjöfnunargjald		715 000
Orkusjóður	715 000	
Samtals	8 003 088	8 003 088

9. Tekjustofnar, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa.

Skipting eftir viðtakendum.

			Þús. kr.
01 171	Byggðasjóður:		
	Álgjald		141 000
02 276	Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:		
	Einkaleyfisgjald af hagnaði Hæddrættis Háskóla Íslands ..		33 000
02 972	Ríkisútvarpið, sjónvarp:		
	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum		33 000
02 974	Sinfóniuhljómsveit:		
	Hluti skemmtanaskatts		5 900
02 976	Meningarsjóður:		
	Miðagjald		10 000
02 985	Félagsheimilassjóður:		
	Hluti skemmtanaskatts ..		53 100
02 989 02	Íþróttasamband Íslands:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		7 912
04 271	Landgræðslusjóður:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		15 351
05 211	Framleiðslueftirlit sjávarafurða:		
	Ferskfiskmatsgjald		59 000
05 271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips:		
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		17 825
05 272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegs:		
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum		7 175
07 271	Húsnæðismálastofnun ríkisins:		
	Hluti af eignarskatti		75 000
	Launaskattur	1 740 000	
	Hluti af eignarskatti einstaklinga, eignarskatti félaga, tekjuskatti einstaklinga, tekjuskatti félaga og aðflutningsgjöldum		158 120
07 301	Skipulagsstjóri:		
	Skipulagsgjald		32 000
07 971	Erfðafjárassjóður:		
	Erfðafjárskattur		60 000
07 975	Styrktarsjóður vangefinna:		
	Hluti af vörugjaldi		20 000
07 999 13	Slysavarnafélag Íslands:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		7 912
07 999 14	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra:		
	Gjald af seldum eldspýtum		2 000
08 271	Tryggingastofnun ríkisins:		
	Lífveistryggingagjald atvinnurekenda	1 322 000	
	Slystryggingagjöld atvinnurekenda, áhættuðgjöld af trillubótum og húvélum		552 500
08 273	Atvinnuleysistryggingassjóður:		
	Atvinnuleysistryggingassjóðsgjald		204 000
08 399 03	Lvfiaskrárnefnd og sérlyfjaeftirlit:		
	Sérlyfjagjald:		1 400
08 399 09	Krabbameinsfélag Íslands:		
	Hluti gjalds af seldum vindlingum		11 825
	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		400
08 399 25	Minningarsjóður Landspítalans:		
	Samúðarskeyti Landssímans		8 000

		Þús. kr.
08 471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	7 500
09 971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	10 000
10 211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmígjald	99 000
	Innflutningsgjald af bensíni	1 934 000
	Bifreiðaskattur	537 000
10 332	Vitamál:	
	Vitagjald	19 000
10 341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	8 500
10 672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	6 000
11 202	Rannsóknastofnun iðnaðarins:	
	Iðnaðargjald	22 000
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	21 500
11 301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	45 168
11 371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	715 000
	Samtals	8 003 088

10. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda.

		%
Beinir skattar		17,1
Persónuskattar	3,6	
Eignarskattar	1,8	
Tekjuskattar	11,7	
Óbeinir skattar		81,9
Gjöld af innflutningi	22,6	
Gjöld af framleiðslu	0,5	
Gjöld af seldum vörum og þjónustu	54,0	
Aðrir óbeinir skattar	4,8	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,3
Ýmsar tekjur		0,7
	Samtals	100,0

	Kr.	Kr.
11. Skipting lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár.		
09 382 Samkvæmt launalögum		4 900 000
	Samtals	<hr/> 4 900 000
09 383 Embættismenn og aðrir starfsmenn:		
Aðalheiður Nielsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Aðalheiður Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Aðalsteinn Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	103 567	
Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður	103 006	
Albert Sigtryggsson, fyrrv. póststarfsmaður	81 822	
Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alpm. ..	203 406	
Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
Arnbjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	40 030	
Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	41 198	
Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	111 402	
Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður	173 669	
Ágúst Kvaran	170 219	
Ágúst Ólafsson, póstur	41 198	
Ágúst Ólafsson, fyrrv. rafvirki	103 567	
Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	79 665	
Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur	65 086	
Ása Ásmundsdóttir	103 006	
Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	82 404	
Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Benedikt Gíslason	203 102	
Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	80 059	
Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	82 404	
Bjarni Ó. Frímansson, fyrrv. símtjóri	103 081	
Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Bjarni Þorsteinsson	54 933	
Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Björn Björnsson, bókbindari	79 665	
Björn Einarsson	172 697	
Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	41 198	
Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	103 006	
Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	245 745	
Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafréiðslumaður	80 059	
Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður	101 493	
Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	95 598	
Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	41 198	
Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	163 592	
Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 669	
Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	54 933	
Einar Steindórsson, fyrrv. póstafréiðslumaður ..	80 059	
Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	68 669	
Elinborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	102 418	
Elisabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	97 311	
Emilfa Jónasdóttir, leikkona	82 404	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	54 933	

	Kr.	Kr.
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símtjóri	137 336	
Gísli Guðnason, fyrrv. símtjóri	72 495	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu ..	82 404	
Gísli Sigurðsson	68 669	
Grimur Grímsson, fyrrv. næturvörður hjá Alþingi	103 006	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	49 789	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Guðbrandur Benediktsson	66 717	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðjón Pétursson	111 578	
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	43 721	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Guðmundur Eliasson, fyrrv. fiskmatsmaður	54 933	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi	130 988	
Guðmundur Jónsson	175 279	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	41 198	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	54 933	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Gunnar Snjólfsson, fyrrv. hreppstjóri	108 000	
Gunnar Þórðarson	101 493	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símtöðvarstjóri	69 709	
Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður	102 279	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	41 198	
Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	177 337	
Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	41 198	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	111 402	
Hálf dán Björnsson	82 404	
Helgi Ágústsson	137 336	
Helgi Eleasarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagns-		81 822
veitna ríkisins		
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	97 667	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Helgi Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	68 805	
Helgi Kjartansson	66 717	
Helgi Tryggvason, bókbindari	82 404	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	82 404	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	79 665	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símtöðvarstjóri	59 588	
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	137 336	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	91 691	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm.	74 502	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun ..	374 815	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður	81 822	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	82 404	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis	68 669	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj. ..	80 059	
Jóhann Pétursson Svarfdælingur	184 514	
Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur	57 996	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	82 404	
Jón Bóason, fyrrv. póstur	41 198	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	55 764	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	79 665	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður	102 568	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	137 336	
Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri	81 822	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	41 198	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	69 709	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	41 198	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	59 748	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri	103 081	
Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona ..	203 102	
Július Jónsson, fyrrv. póstur	41 198	
Július Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	40 030	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	54 933	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Klara Guðmundsdóttir	103 006	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Kristín Ingileifsdóttir	120 706	
Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	83 931	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	80 321	
Kristján Albertsson, rithöfundur	130 988	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	106 839	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	82 404	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	41 198	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður	57 996	
Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	98 707	
Magnús Magnússon, rithöfundur	82 404	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	154 761	
Maria Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	82 404	

	Kr.	Kr.
Maria Markan, óperusöngkona	130 988	
Maria Sigurðardóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis	41 198	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Nína Sveinsdóttir, leikkona	89 624	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	41 198	
Oddný Wium	41 198	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	55 019	
Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður	57 996	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	68 669	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	55 764	
Ólafur Magnússon	101 493	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	148 804	
Óskar Clausen, rithöfundur	130 988	
Pétur Jónsson, fyrrv. póstur	86 835	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	68 766	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	61 802	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símsstöðvarstjóri	103 006	
Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	50 747	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	54 933	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	55 764	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	68 669	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	151 037	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	74 502	
Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símsstjóri	72 495	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	80 059	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Sigurbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. símaafgr.stúlka	103 006	
Sigurður Greipsson	165 332	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	41 198	
Sigurjón Einarsson, fyrrv. símsstjóri	81 822	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Sigurjón Sigurbjörnsson, fyrrv. tollvörður	89 100	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	40 030	
Skúli Skúlason frá Odda	197 709	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	59 748	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	100 077	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	41 198	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	89 624	
Sörli Hjálmarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	80 000	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala ..	68 669	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	41 198	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	82 404	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	41 198	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	

	Kr.	Kr.
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis ..	81 194	
Þorleifur Jónsson	157 880	
Þorsteinn Jónasson, fyrrv. hreppstjóri	101 493	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	41 198	
Þórður Benediktsson	200 144	
Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	174 597	
Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur	57 996	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	54 933	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	82 404	
Óráðstafað	545 702	
	Samtals	17 787 974

09 384 Ekkjur:

Agnethe Kamban	173 857
Anna Jakobína Árnadóttir	39 181
Anna Ólafsdóttir	43 747
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	53 766
Arnþrúður Danielsdóttir	43 747
Ágústa Högnadóttir	39 181
Ágústa Jónsdóttir	137 610
Ágústa Sigurðardóttir	67 211
Árný Stígsdóttir	40 323
Áslaug Nielsen	97 952
Ásta Jónsdóttir	229 098
Ásta Ólafsdóttir	80 654
Ástriður Eggertsdóttir	67 211
Ástriður Magnúsdóttir	40 323
Björg Þórðardóttir	68 228
Borghildur Thorarensen	137 741
Bryndís Þórarinsdóttir	91 307
Dagbjört Guðjónsdóttir	64 103
Elin Einarsdóttir	120 982
Elin Lárusdóttir	136 451
Elinborg Bogadóttir	97 469
Elisabet Jónsdóttir	40 323
Elisabet Kemp	87 722
Eufemía Ólafsdóttir	168 029
Fjóla Kristjánsdóttir	64 103
Friða Hlíðdal	291 372
Guðbjörg Erlendsdóttir	80 654
Guðbjörg Guðmundsdóttir	87 722
Guðfinna Blöndal	161 302
Guðný Halldórsdóttir	80 654
Guðný Sigurðardóttir	67 211
Guðný Vigfúsdóttir	80 654
Guðný Þórarinsdóttir	50 747
Guðrún Jóhannesdóttir	40 323
Guðrún P. Jónsdóttir	102 376
Guðrún Pálsdóttir	94 094
Halldóra Eiríksdóttir	98 678
Halldóra Eiríksdóttir	100 107

	Kr.	Kr.
Halldóra Þórðardóttir	51 195	
Helga Friðbjarnardóttir	80 654	
Helga Pétursdóttir	100 821	
Hildur Blöndal	255 834	
Hjaltína Guðjónsdóttir	100 821	
Hlíf Magnúsdóttir	86 994	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	80 654	
Hrafnhildur Eiðsdóttir	112 849	
Hróðný Einarsdóttir	218 412	
Hulda Þ. Björnæs	109 766	
Hulda Davíðsdóttir	97 469	
Indiana Sturludóttir	100 821	
Ingibjörg Björnsdóttir	53 248	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	120 982	
Ingibjörg Högnadóttir	40 323	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	120 982	
Ingibjörg Karlsdóttir	167 072	
Ingunn Hlíðar	64 103	
Ingveldur Ólafsdóttir	40 323	
Jakobína Thorarensen	67 211	
Jóhanna Vigfúsdóttir	40 323	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	73 502	
Jónína Ásmundsdóttir	39 181	
Jónína Gissurardóttir	97 870	
Jónína Kristjánsdóttir	100 821	
Jórunn Guðjónsdóttir	98 678	
Karen Louise Jónsson	100 821	
Katrín Ingibergsdóttir	97 469	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	40 323	
Kristín Í. Guðmundsdóttir	63 704	
Kristín Helgadóttir	39 181	
Kristín Pálmadóttir	80 654	
Kristín Pálsdóttir	67 211	
Kristjana Káradóttir	104 393	
Kristjana Þorvarðardóttir	48 734	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	53 766	
Lára Svansdóttir	40 323	
Lára M. Vigfúsdóttir	134 422	
Lelía Stefánsson	201 637	
Lilja H. Arndal	134 422	
Lilja Jörundsdóttir	80 654	
Lilja Steinsen	235 232	
Lydia Einarsson	168 029	
Mabel Sigurjónsson	134 422	
Magdalena Ásgeirsdóttir	40 323	
Magnea Magnúsdóttir	82 644	
Margrét Árnadóttir	100 821	
Margrét Björnsdóttir	51 284	
Margrét Eyjólfsdóttir	80 654	
Margrét Guðbrandsdóttir	120 982	
Margrét Jónasdóttir	168 029	
Margrét Jónsdóttir	100 000	

	Kr.	Kr.
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	163 245	
Margrét L. Lárusdóttir	40 323	
Marta Oddsdóttir	40 323	
Málfriður Bjarnadóttir	40 323	
Melitta Urbancic	64 103	
Nanna Guðmundsdóttir	72 495	
Olga E. Jónsson	76 082	
Ólafía Finnbogadóttir	40 323	
Ólög Bjarnadóttir	106 518	
Ragnheiður Konráðsdóttir	67 211	
Rannveig Gunnarsdóttir	86 994	
Rósa Guðnadóttir	98 678	
Sesselja Benediktsdóttir	77 975	
Sigríður Árnadóttir	241 959	
Sigríður Árnadóttir	98 678	
Sigríður Gísladóttir	40 323	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	129 788	
Sigríður Stefánsdóttir	57 996	
Sigrún Eiríksdóttir	100 000	
Sigrún Guðmundsdóttir	155 951	
Sigrún Thorarensen	53 766	
Sigurbjörg Jónsdóttir	40 649	
Sigurlaug Jónsdóttir	100 821	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	76 041	
Soffía Touvina	67 211	
Steinunn P. Eyjólfsson	45 356	
Steinunn Tómasdóttir	67 211	
Steinþóra Einarsdóttir	97 469	
Svanborg Jónsdóttir	39 239	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	67 211	
Sveindís Hansdóttir	40 323	
Tove Engilberts	218 412	
Valgerður Helgadóttir	67 307	
Valgerður Ólafsdóttir	60 873	
Vigdís Guðmundsdóttir	80 654	
Þorbjörg Kjartansdóttir	100 821	
Þorbjörg Leifs	80 654	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	60 489	
Þóra Magnúsdóttir	53 766	
Þóra Sigfúsdóttir	40 323	
Þóra Vigfúsdóttir	130 491	
Þórhildur Sveinsdóttir	40 323	
Þórunn Jónsdóttir	82 404	
Óráðstafað	100 821	

Samtals

12 269 179

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Brýnustu viðfangsefnin á sviði efnahagsmála um þessar mundir eru að hamla gegn verðbólgu og draga úr hallanum í greiðsluviðskiptum við erlendar þjóðir. Forsenda árangurs í þessu efni er, að ríkisbúskapurinn stuðli að almennu jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þessi viðleitni setur svip sinn á þetta fjárlagafrumvarp fyrir árið 1976. Þannig hefur verið að því keppt, að frumvarpið feli ekki í sér ráðstafanir sem valda verðhækkunum — fremur hið gagnstæða — jafnframt því sem spornað er við útþenslu ríkisútgjalda miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Í þessu skyni hefur verið beitt ýtrasta aðhaldi við gerð fjárlagafrumvarpsins, og enn fremur hafa mikilvægir útgjaldaliðir verið áætlaðir á þeirri forsendu, að fyrir afgreiðslu fjárlaga verði gerðar breytingar á lögum og reglum, er leiða til verulegrar útgjalda-lækkunar á árinu 1976 frá því sem annars hefði orðið. Þessar ráðstafanir gera það kleift að framkvæma umtalsverða skattalækkun með niðurfellingu sérstaks vörugjalds, sem komið var á með bráðabirgðalögum í júlí s. l., og þar að auki er gert ráð fyrir tollalækkun samkvæmt samningum við EFTA og Efnahagsbandalagið.

Við gerð fjárlaga er ávallt vandasamt að tryggja í senn fjármagn til nauðsynlegra útgjalda í þágu opinberrar þjónustu og framkvæmda, og halda umsvifum og skattheimtu ríkisins innan hóflegra marka. Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum er sérstaklega örðugt að leysa þessa jafnvægisþraut milli krafna á hendur ríkinu annars vegar og um aðhald í ríkisbúskapnum hins vegar. Á þessu ári hafa framleiðsla og tekjur þjóðarinnar dregið saman og horfur eru á hægum eða engum vexti á næsta ári. Vegna versnandi viðskiptakjara hefur viðskiptahalli verið meiri en ráð var fyrir gert, gjaldeyrisstaðan erfið og erlendar skuldir farið vaxandi. Með tilliti til áhrifa ríkisfjármála á heildareftirspurnina og þar með greiðslustöðuna gagnvart útlöndum og verðlagsþróun, hefði verið æskilegt að stefna að verulegum greiðsluafgangi á næsta ári. Hins vegar er óhjákvæmilegt að halda uppi brýnni opinberri starfsemi og þjóðhagslega mikilvægum framkvæmdum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 220 m.kr. greiðsluafgangi, sem verður að teljast lágmark miðað við ástand og horfur í efnahagsmálum.

Það er vel kunnugt, að mælt er fyrir um mikinn hluta ríkisútgjalda í öðrum lögum en fjárlögum. Raunar leiðir það af mörgum þessum lögum, að ríkisútgjöld aukast sjálfkrafa ár frá ári. Slíkum lagaákvæðum hefur fjölgað á undanförunum árum og eru þau að vissu leyti afleiðing efnahagslegrar velgengni þjóðarinnar. Með sérstakri lögbindingu útgjalda er almennri fjármálastjórn sniðinn þröngur stakkur, og skortur á sveigjanleika segir ekki sízt til sín, þegar glímt er við efnahagsserfiðleika.

Ríkisstjórnin leggur á það megináherzlu, að Alþingi og ríkisstjórn hafi á hverjum tíma fulla stjórn á þróun ríkisútgjalda. Svo verður ekki fyrr en raunverulegur efnahagsaðstæður mæla á hverjum tíma fyrir um útgjöld, og samneyzlu verði hagað í samræmi við þjóðarframleiðslu, en ráðist ekki af sjálfvirkum útgjaldaákvæðum eldri laga, sem ekkert tillit taka til þjóðarhags. Þetta eru ekki ný sannindi, en hins vegar felst það í núverandi aðstæðum í efnahagsmálum, að fjármálastjórnin nær ekki tilgangi sínum, ef þessi sjálfvirku útgjaldaákvæði í lögum um mikilvæga málaflokka eru ekki endurskoðuð.

Þetta frumvarp hefur að geyma ýmsar ráðstafanir, er stemma stigu við sjálfvirku útgjaldaþróuninni. Dregið er úr útflutningsuppbótum og niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum. Hemill er settur á fjárveitingar til almannatrygginga og menntamála, og leitað er almennrar lagaheimildar til að lækka lögboðin fjárframlög um 5%.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hafa aukizt að mun á undanförunum árum. Í frumvarpinu er reiknað með svipaðri fjárhæð og verður í raun á yfirstandandi ári. Stefnt verður að því að halda útflutningsuppbótum innan þeirra marka, en ef miða ætti við hámark verðtryggingar, þyrfti að auka fjárveitinguna um 870 m.kr. Þá er gert ráð fyrir rösklega fjórðungslækkun niðurgreiðslu búvöruverðs frá því sem gildi í september 1975, eða um 1 425 m.kr. á heilu ári, og svöruðu verðlagsáhrif þessi til 10—11 stiga hækkunar á framfærsluvisitölu. Á móti kæmi afnám hins sérstaka 12% vörugjalds, svo og lækkun tolla, sem leiðir til 12 stiga lækkunar framfærsluvisitölu. Verðlagsáhrifin jafnast því rúmlega út. Á hinn bóginn hefur afnám vörugjaldsins og tollalækkun í för með sér mun viðtækari verðlækkunaráhrif og hagsbót en mælist í framfærsluvisitölu. Þannig minnka útgjöld skattborgaranna á ári um nálægt 4 000 m.kr. við afnám vörugjaldsins og tollalækkunina, en lækkun niðurgreiðslna eykur útgjöld þeirra um 1 400—1 450 m.kr. miðað við óbreytta neyzlu.

Gert er ráð fyrir breytingum á lögum um almannatryggingar, bæði varðandi lífeyristryggingar og sjúkratryggingar. Er unnið að tillögum í þessum efnum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins. Ætlunin er að óska þess við þingflokkana að þeir tilnefni fulltrúa í nefnd, er fái breytingartillögurnar til athugunar áður en frumvarp þar að lútandi verður lagt fram. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að draga megi úr útgjaldaauka um 2 000 m.kr. frá því sem ætlað er að gildandi reglur og framkvæmd feli í sér.

Á sviði menntamála er sjálfkrafa hækkun útgjalda víða bundin í löggjöf. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að vikulegum kennslustundum á grunnskólastigi verði fækkað, og er unnið að tillögum um framkvæmd þess máls. Á þessu stigi hefur útgjaldaáætlun verið færð niður um 50 m.kr. af þessum sökum. Hér er þó aðeins um áfanga að ræða í könnun þess viðamikla máls, en breytingar þar á krefjast töluverðs aðdraganda.

Loks byggjast áætlanir þessa fjárlagafrumvarps á því, að lögbundin framlög á fjárlögum verði almennt skert um 5% á árinu 1976, og verður lagt fram sérstakt frumvarp um það efni. Þessi skerðing tekur til allra lögbundinna framlaga, annarra en hreinna markaðra tekjustofna. Lækkun vegna þessarar ráðstöfunar er áætluð um 300 m.kr.

Heildarniðurfærsla útgjalda vegna sérstakra ráðstafana, sem hér hefur verið drepit á, er talin nema um 4 700 m.kr., og er þá miðað við lækkun útflutningsuppbóta frá hámarksheimild.

Þegar tekið hefur verið tillit til þessara útgjaldaáforma, eru heildarútgjöld ríkisins á árinu 1976 áætluð 57 386 m.kr. á móti 47 225 m.kr. í fjárlögum 1975, og er hækkunin 21,5%. Útgjöld ársins 1975 munu augljóslega fara nokkuð fram úr fjárlagatölum, og hafa þau verið áætluð 51 000 m.kr. að teknu tilliti til 2 000 m.kr. lækkunar samkvæmt tillögu fjárveitinganefndar.

Miðað við þessa áætlun verður hlutur ríkisútgjalda í þjóðarframleiðslu 1975 um 29%. Í fjárlagafrumvarpi 1975 var upphaflega gert ráð fyrir útgjaldahlutfallinu 28,7%. Þegar þetta var sett fram, var talið, að útgjaldahlutfall ársins 1974 yrði um 29% en síðar kom í ljós, að það varð 30,8%. Í meðförum á þingi í fyrra varð um nokkra hækkun að ræða frá frumvarpi, en með aðgerðum í ár má búast við að upphaflegri áætlun verði haldið og þar með náist lækkun frá fyrra ári, sem þó er sérlega örðugt þegar illa árar. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að hlutfall ríkisútgjalda af þjóðartekjum hækki ekki á næsta ári.

Á grundvelli framangreindra aðgerða til takmörkunar útgjalda og fyrirætlana frumvarpsins unnt tekjuöflun verður unnt að afnema 12% vörugjaldið og standa við umsamdar tollalækkunir. Að því er varðar álagningu beinna skatta er í frumvarpinu miðað við 25% hækkun skattvísitölu í samræmi við áætlaða meðalhækkun tekna einstaklinga til skatts milli árána 1974 og 1975. Bein skattbyrði reiknuð sem álagðir beinir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs er áætluð 14,5% á árinu 1975 og því nær óbreytt eða um 14—15% á árinu 1976, eftir því hvort heimild verður veitt til

álags á útsvör á næsta ári og í hvaða mæli slíkri heimild yrði beitt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að eignarskatti verði breytt til samræmis við nýtt fasteignamatsverð, sem væntanlegt er í haust.

Í tekjuáætlun frumvarpsins, sem nemur 57 401 m.kr., er gert ráð fyrir, að 2% gjaldið, sem lagt hefur verið á söluskattsstofn og rennur til Viðlagasjóðs, verði sameinað söluskattinum og renni hér eftir í ríkissjóð. Verður lagt fram á þingi frumvarp þessa efnis, en Viðlagatrygging Íslands tekur sem kunnugt er til starfa á næsta ári og áætlað er, að núgildandi tekjustofnar Viðlagasjóðs dugi til þess að ljúka verkefnum hans í Vestmannaeyjum og í Norðfirði.

Eins og kunnugt er hafa sveitarfélögin ekki notið 8% hlutdeildar í þessum hluta sölugjaldsins og raunar ekki í öðrum fjórum söluskattsstigum. Sveitarfélögin hafa sótt það fast að fá jafnan 8% hlut úr öllum söluskattinum til Jöfnunarsjóðs. Ríkisstjórnin telur rétt að stefna að þessari tilfærslu tekna til sveitarfélaganna jafnframt því sem verkefni þeirra yrðu aukin. Hún telur æskilegt, að fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga 1976 verði stigið skref í þá átt að auka starfssvið sveitarfélaga og jafnframt tekjur þeirra. Má í þessu efni benda á, að með því að sveitarfélögin fengju hlutdeild í þeim söluskattsstigum, sem þau fá ekki nú, ykjust tekjur þeirra um 700—750 m.kr. Gætu sveitarfélögin þar með tekið við hlutdeild ríkisins í ýmsum málefnum, þar sem stjórn og eftirlit væri betur komið í höndum þeirra vegna meiri staðarlegrar þekkingar. Með slíkri aukningu tekna sveitarfélaganna væri svigrúm til að auka hlutdeild þeirra í ýmsum byggingarframkvæmdum.

Í sambandi við þær breytingar á ráðstöfun söluskatts, sem frumvarpið felur í sér, er rétt að vekja athygli á, að lögin um 1% sölugjald til þess að greiða niður olíukyndingarkostnað falla úr gildi í febrúarlok 1976. Ákvörðun um framhald þessarar gjalddöku og um ráðstöfun teknanna af gjaldinu verður að taka fyrir afgreiðslu fjárlaga, enda tengist mál þetta fjárlagaákvörðunum með ýmsum hætti.

Á það er rétt að benda, að tillögur þessa frumvarps, teknar í heild sinni, fela ekki í sér breytingar, sem hækka almennt verðlag í landinu eða framfærslukostnað heimilanna. Afnáam hins sérstaka vörugjalds ásamt tollalækkun gerir raunar betur en að jafna verðlagsáhrif lækkunar niðurgreiðslna, þannig að áhrifin á almennt verðlag í landinu ættu fremur að vera til lækkunar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, skal árlega semja skrá yfir starfsmenn ríkisins, og skal hún lögð fram með fjárlagafrumvarpi. Slík skrá er nú í fyrsta sinn lögð fram með þessu frumvarpi. Við þá sérstöku athugun, sem fram hefur farið á starfsmannamálum ríkisins við gerð skrárinnar, hefur komið í ljós, að í allmörgum tilvikum hefur verið ráðið í störf án heimildar, og eru þessar stöður sérstaklega auðkenndar í skránni. Er hér um að ræða ígildi 117 heilla staða. Heildarkostnaður á ári er um 100 m.kr. Þessar stöður eru við stofnanir í A-hluta fjárlaga og þær stofnanir í B-hluta, sem háðar eru fjárveitingum. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til þeirra, þar sem eðlilegt þykir, að Alþingi taki afstöðu til þessa máls. Í frumvarpinu eru hins vegar teknar upp 45 nýjar stöður, að fjárhæð 42,5 m.kr., þar af 17 stöður á sviði kennslumála, að fjárhæð 14,4 m.kr.

Að lokum skal vakin á því athygli, að nú er unnið að lánsfjáráætlun fyrir næsta ár. Hér er um að ræða heildaryfirlit yfir lánamálin í landinu á næsta ári og um lán-tökur erlendis til hvers konar framkvæmda. Að því er stefnt, að áætlunargerð þessari verði lokið í næsta mánuði. Lánsfjáráætlun 1976 verður lögð fram meðan þetta frumvarp er til meðferðar, og verður hún m. a. til þess að auðvelda ákvarðanir um þær framkvæmdir, sem í þessu frumvarpi er ráðgert að afla fjár til með lánnum og ekki hefur verið tekin afstaða til í einstökum atriðum. Á þetta einkum við lántökur til orkuframkvæmda og skiptingu þeirra til einstakra framkvæmda. Lánsfjáráætlunin er til þess hugsuð, að skipuleg yfirsýn fái stöð yfir alla lánastarfsemi í landinu á sama tíma og fjárlagaákvæðanir eru teknar. Þessi áætlun er rökrétt framhald þeirrar

stefnu að semja framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir fyrir ríkið og samræma þær sem hezt fjárlagagerðinni.

Allt frá árinu 1963 hafa að frumkvæði fjármálaráðuneytisins verið samdar árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir vegna þeirra ríkisframkvæmda, sem fjármagnaðrar eru með lánsfé. Í áratug voru þessar áætlanir lagðar fram sérstaklega og yfirleitt eftir að nokkrir mánuðir voru á árið liðnir, sem um var fjallað hverju sinni. Á þessu varð breyting haustið 1973, er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun þessi fyrir árið 1974 var sameinuð fjárlögunum. Þessar áætlanir hafa til þessa eingöngu náð til lánsfjáröflunar til helztu opinberra framkvæmda, en ekki annarrar lánastarfsemi. Nú er hins vegar ætlunin að lánsfjáráætlun 1976 nái til allrar lánastarfsemi.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1975.

Meginforsendur frumvarpsins.

Í gjaldaáætlun frumvarpsins er miðað við kauplag í október 1975, þannig að fullt tillit er tekið til áhrifa kjarasamninganna á s.l. vori, og kaupgreiðsluvisitölu 106,18 stig. Að því er varðar framlög til almannatrygginga eru útgjöld lífeyris-trygginga áætluð í samræmi við bætur eftir hækkunina frá 1. júlí 1975, og útgjöld til sjúkratrygginga eru áætluð á grundvelli daggjalda þeirra, er ákveðin voru frá 1. júlí 1975, en framlög svo lækkuð, eins og nánar er vikið að annars staðar í þessum athugasemdum. Almenn verðlagshækkun hefur reynzt 45—50% frá því að síðasta fjárlagaáætlun var gerð, og hefur hún að nokkru verið höfð til hliðsjónar við fjárlagagerðina, og auk þess líkleg útkoma ársins 1975 m. t. t. ráðstafana, sem gerðar hafa verið síðan fjárlög ársins 1975 voru afgreidd. Um útgjöldin í heild er það að segja, að miðað við líklega útkomu ársins 1975 og áætlun um verðlagshækkun frá meðalverðlagi 1975 til loka þess árs, verði útgjöldin eins og þau eru áætluð í þessu frumvarpi því nær óbreytt að magni á árinu 1976.

Tekjuáætlun frumvarpsins miðast við hliðstæðar kauplags- og verðlagsforsendur og hér hafa verið raktar. Magnbreytingar helstu skattstofna óbeinna skatta eru hins vegar við það miðaðar, að heildarútgjöld þjóðarinnar verði ekki meiri að raunverulegu verðgildi á næsta ári en í ár. Gert er ráð fyrir, að skattvísitala verði 125 stig miðað við 100 stig 1975, eða hækki til jafns við tekjur á árinu 1975. Þá er við það miðað, að 12% vörugjaldið verði afnumið um næstu áramót og þá komi einnig til tollalækkun samkvæmt samningum við EFTA og EBE. Þá er gert ráð fyrir að fasteignamat til eignarskatts hækki og verði fært til verðlags á þessu ári, og loks miðast tekjuáætlunin við það, að 2% sölugjald, sem renna á til viðlagasjóðs til næstu áramóta, renni til rikissjóðs á næsta ári.

Gjaldahlið.

Gjöld á rekstrarreikningi nema samtals 57 386,4 m.kr., en eru 47 225,5 m.kr. í fjárlögum 1975, og er hækkunin 10 160,9 m.kr., eða 21,5%. Af hækkuninni eru 1 547,8 m.kr. vegna markaðra tekjustofna, og hækka þeir um 24,0%. Hækkun ríkisútgjalda í þrengri merkingu, þ. e. að frátöldum mörkuðum tekjustofnum, er því 8 613,1 m.kr., eða 21,1%. Á eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum fjárlaga 1975 og frumvarps 1976.

	Fjárlög 1975 Þús.kr.	Frumvarp 1976 Þús.kr.	Hækkun Þús.kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	47 225 533	57 386 397	10 160 864	21,5
Markaðir tekjustofnar	6 455 337	8 003 088	1 547 751	24,0
Útgjöld án markaðra tekjustofna ..	40 770 196	49 383 309	8 613 113	21,1

Á meðfylgjandi yfirliti er sýnt, hvernig sú 10 160,9 m.kr. hækkun, sem verður frá fjárlögum 1975, kemur fram á helstu tegundum gjalda, og eru einnig sýndar heildarfjárhæðir bæði árin.

Samanburður útgjalda í A-hluta 1975 og 1976.

Rekstur og rekstrartilfærslur:	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun	
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	%
Laun	8 896	11 431	2 535	28,5
Önnur rekstrargjöld	2 698	3 450	752	27,9
Viðhald	1 212	1 570	358	29,5
Vextir	715	1 173	458	64,1
Almannatryggingar	13 990	17 191	3 201	22,9
Niðurgreiðslur	3 758	4 268	510	13,6
Útflutningsuppbætur	716	890	174	24,3
Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur	3 873	4 103	230	5,9
	35 858	44 076	8 218	22,9
Frá dregst: sértekjur	460	701	241	52,4
Samtals	35 398	43 375	7 977	22,5

Framkvæmdaframlög:

Hreinar ríkisframkvæmdir	4 529	5 026	497	11,0
Framkv. kostnaðar af fleiri aðilum ...	2 818	3 265	447	15,9
Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga	261	286	25	9,6
Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og samtaka	105	100	÷5	÷4,8
Framlög til fjárfestingarsjóða	3 454	4 280	826	23,9
Framlög til lánaþreiddra	660	1 054	394	59,7
Samtals	11 827	14 011	2 184	18,5
Heildarútgjöld í A-hluta	47 225	57 386	10 161	21,5

Um helztu gjaldaliði skal eftirfarandi tekið fram.

Laun. Hækkun þessa liðar er samtals 2 535.0 m.kr., eða 28,5%. Vegna ófullkominna upplýsinga um samsetningu launa á fyrri árum hefur verið erfitt að gera grein fyrir þessum lið í smáatriðum við fjárlagagerð. Sérstakt átak hefur þó verið gert til úrbóta í þessu efni að undanfögnu, m. a. með gerð starfsmannaskrár, og sýnir eftirfarandi yfirlit áætlun um skiptingu launaliðar og samanburð við fjárlög 1975:

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun	
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	%
Föst laun utan grunnskólastigs	3 577	4 511	934	26,1
Föst laun á grunnskólastigi	1 529	1 956	427	27,9
Launatengd gjöld	511	647	136	26,6
Föst laun samtals	5 617	7 114	1 497	26,7
Stundakennsla o. fl. á grunnskólastigi	556	583	27	4,9
Ýmis önnur laun	2 551	3 520	969	38,0
Launatengd gjöld	172	214	42	24,4
Önnur laun samtals	3 279	4 317	1 038	31,7
Heildarlaun	8 896	11 431	2 535	28,5

Um föst laun er það að segja, að heildarhækkunin, 26,7%, er nokkuð yfir meðaltalshækkun kauptaxta, sem er áætluð 20,7%. Mismunurinn, 6,0 prósentustig, felur í sér bæði magnaukningu og flokkahækkunir (launaskrið), einkum á grunnskólastigi. Önnur laun hækka hlutfallslega meira, eða að meðaltali um 31,7%. Þó hækkar stundakennsla o. fl. á grunnskólastigi einungis um 4,9%, sem er langt undir taxtahækkunum, og byggist m. a. á því, að ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr kennslustundafjölda á viku hverri. Ýmis önnur laun hækka hins vegar um 38%, og er skýringin m. a. sú, að þessi tegund launa, þ. m. t. uppbætur á lífeyri, var ekki hækkuð í fjárlögum 1975 til samræmis við hinar almennu flokkahækkunir, sem áttu sér stað á árinu 1974. Má meta almennar launahækkunir, sem eiga við þennan lið, allt að 20% til áramóta 1974, og með hinni almennu hækkun frá samþykkt fjárlaga 1975 eru taxtahækkunir, sem eiga við þennan lið, orðnar a. m. k. 44—45%, þannig að um nokkra magnminnkun er að ræða. Enda þótt ekki séu fyrir hendi tæmandi upplýsingar um alla þætti launamálanna, einkum kennslulaun á skyldunámsstigi, má þó með fyrirvara áætla, að af þeirri 28,5% hækkun, sem verður á launaliðnum í heild, stafi 27,7% af taxtahækkunum, (þ. e. 20,7% vegna fastra launa og stundakennslu og 44,0% vegna annarra launa), 0,8% af flokkahækkunum (launaskriði), en sú magnaukning, sem verður á föstum launum og meta má um 1%, jafnast út af magnminnkun stundakennslu o. fl.

Í þessu sambandi skal þess getið, að hvorugt árið er gert ráð fyrir fjárveitingum vegna starfsfólks, sem ráðið hefur verið án heimildar. Sem fyrr greinir er gert ráð fyrir, að endanleg ákvörðun um meðferð þess máls verði tekin af þinginu, og er launafjárhæðin, sem hér um ræðir, 99.0 m.kr. á verðlagi í október 1975.

Önnur rekstrargjöld. Þessi liður hækkar um samtals 752.0 m.kr., eða 27,9%. Hér hefur verið höfð hliðsón af almennri verðlagshækkun, sem nemur 45—50%, þannig að ströngu aðhaldi hefur verið beitt. Þetta sést enn betur, ef tekið er tillit til þess, að nokkrir liðir, sem erfitt er að hafa hömlur á, hækka mun meira en þessari meðaltalshækkun nemur. Séu þannig gjöld af þessu tagi vegna landhelgisgæzlu (aukin umsvif), sendiráða (gengisfellingar að fullu), Alþingis (vanáætlun 1975), raunvísindastofnunar og rannsóknastofnunarinnar á Keldum (endursala og auknar tekjur að sama skapi), sundskyldu (tilfærsla á þennan lið) og bifreiðaeftirlits (tekjuaukning á móti) undanskilin, hækkar þessi útgjaldaliður á öðrum stofnunum einungis um 21,8% að meðaltali.

Viðhald. Viðhaldsliður hækkar um 358.0 m.kr., eða 29,5%. Á hliðstæðan hátt eru það einstök tilvik, sem gera það erfitt að halda þessari hækkun á lægra stigi. Má þar nefna vegagerð (vegáætlun), rannsóknaskip (reglubundið meiri háttar viðhald tveggja skipa) og landhelgisgæzlu (aukin umsvif), því að séu þessar stofnanir undanskildar, nemur hækkun viðhaldsliðar hjá öðrum að meðaltali 23,1%, sem er vel undir verðlagshækkunum.

Vextir. Hækkun vaxtagreiðslna nemur 458.0 m.kr., eða 64,1%, sem er langt umfram meðaltalshækkun annarra gjaldaliða. Hér er að sjálfsögðu um afleiðingar stórhækkaðra lántaka á yfirstandandi ári að ræða, og hlutfallslega aukningu verðtryggingar á lánum rikissjóðs.

Almannatryggingar. Þetta er sá útgjaldaliður, sem mest hækkar í krónum, þ. e. 3 201.0 m.kr., eða 22,9%, og er þá miðað við bætur og daggjöld eftir hækkunirnar 1. júlí s.l. Miðað við óbreytt lög og reglur hefðu útgjöld verið um 2 000.0 m.kr. hærri, en þessi áætlun er byggð á því, að gerðar verði breytingar á lögum og reglum, er leiða til lækkunar útgjalda í þessum málefnaflakki sem framangreindri fjárhæð nemur, eins og vikið er að í inngangi þessarar greinargerðar.

Niðurgreiðslur. Kostnaður við niðurgreiðslur hækkar samkvæmt frumvarpinu um 510.0 m.kr. eða 13,6%, og eru þá meðtalin framlög í lífeyrissjóð bænda og til niðurgreiðslu áburðar. Sé þetta tvennt frátalið er hækkun eiginlegra niðurgreiðslna á vöruverði 314.0 m.kr. eða 8,7%. Þessi áætlun er byggð á því, að niðurgreiðslur verði lækkaðar um 1 425.0 m.kr. á árinu 1976, eða sem svarar rösklega fjórðungi þeirra niðurgreiðslna, sem gilda í september 1975. Þá ber þess að gæta, að á sérstakan lið fjárlaga 1975 voru settar til hliðar 350.0 m.kr., sem gripa skyldi til, ef ekki yrði af ráðgerðri lækkun niðurgreiðslna 1. júlí s. l., og sé þessari fjárhæð bætt við fjárlagatölu 1975 á niðurgreiðslulið, verður lækkun á niðurgreiðslu neytluvöruverðs samkvæmt þessu frumvarpi 36.0 m.kr., eða 0,9%.

Útflutningsbætur. Hækkun uppþóta á útfluttar landbúnaðarafurðir nemur 174.0 m.kr., eða 24,3%. Er hér um svipaða fjárhæð að ræða og verður í raun á yfirstandandi ári og verður stefnt að því að halda þeim innan þeirra marka.

Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur. Hækkun annarra rekstrarliða og rekstrartilfærslna er 230.0 m.kr., eða 5,9%. Er þar um að ræða mun minni hækkun en verðlagshækkunum nemur, en þess ber að gæta, að í fjárlögum 1975 var í þessum útgjaldaflokki sérstakur liður að fjárhæð 500.0 m.kr. til ráðstafana í verðlags- og kjaramállum, sem nú fellur niður.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög hækka um 2 184.0 m.kr. eða 18,5%, sem er allverulega innan við hækkun framkvæmdakostnaðar. Að því er varðar einstaka undirflokkar verður langmest hlutfallsleg hækkun til lánagreiðslna, þ. e. 394.0 m.kr. eða 59,7%, og stafar það af framlögum til togaralána, eins og nánar er að vikið síðar í þessum athugasemdum. Framlög til fjárfestingarsjóða hækka um 826.0 m.kr., þar af 411.8 m.kr. vegna byggingarsjóðs ríkisins, 263.0 m.kr. vegna Bygðasjóðs og 91.6 m.kr. vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Hafa þá lögbundin framlög almennt verið lækkuð um 5%, (þó ekki byggingarsjóður ríkisins). Loks skal þess getið, að af 497.0 m.kr. hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda stafa 91.5 m.kr. af verðlagsbótum á kostnað við landgræðsluáætlun.

Við framangreindan samanburð við fjárlagatölu ársins 1975 ber að hafa í huga, að ýmsar ráðstafanir, er áhrif hafa á ríkisútgjöld, hafa verið gerðar síðan fjárlög voru afgreidd á Alþingi. Koma þar til sérstakar ákvarðanir í útgjaldamálum og almennir kjarasamningar, sem auk þess að hafa þein áhrif til hækkunar á launalið, hafa verið hafðir til viðmiðunar við ákvarðanir um hækkun bóta almannaþrygginga. Auk þess hafa svo verðlagshækkunir, sem hafa numið milli 45—50% að meðaltali frá því að síðasta fjárlagaáætlun var gerð, haft áhrif á ýmsa gjaldaliði fjárlaga. Enda þótt stefnt sé að því að lækka ríkisútgjöld á árinu 1975 um 2 000 m.kr. skv. tillögu fjárveitinganefndar Alþingis, hafa framangreind atvik orðið til þess, að heildarútgjöld munu sýnilega fara nokkuð fram úr fjárlagatölu. Samkvæmt síðustu áætlun um afkomuhorfur ríkissjóðs árið 1975, sem m. a. er byggð á reynslu fyrstu átta mánaða ársins, munu ríkisútgjöld verða um 51 000 m.kr., sem er um 3 800 m.kr. hærra en fjárlagatala ársins. Sé þessi niðurstaða borin saman við frumvarpstölu 1976, verður heildarhækkun útgjalda milli árunna 1975 og 1976 6 386 m.kr., eða 12,5%. Þetta svarar nokkurn veginn til þeirrar verðlagshækkunar, sem áætluð hefur verið frá meðalverðlagi 1975 til verðlags undir lok þess árs, og felur því í sér svipað magn ríkisútgjalda. eða óbreytt ríkisútgjöld á föstu verðlagi milli árunna 1975 og 1976. Er þetta í samræmi við þjóðhagsspá, sem tekjuáætlun ársins 1976 er byggð á. Um afkomuhorfur ársins 1975 er það að segja, að á móti útgjaldaáætlun að fjárhæð 51 000 m.kr. kemur tekjuáætlun, sem gerð er grein fyrir síðar í þessum athugasemdum, að fjárhæð 49 720 m.kr. Til að gera þá áætlun samþærilega við útgjaldaáætlunina þarf að bæta við hana 510 m.kr. vegna fjölskyldubóta á fyrri hluta ársins, og verður tekjuáætlunin því samtals 50 230 m.kr.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Í þessum hluta athugasemdanna er fjallað um helztu breytingar gjaldaliða frá fjárlögum 1975 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokkss. Einnig verður gerð grein fyrir breytingum markaðra tekjustofna, en í síðasta hluta athugasemdanna er fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Samtals hækka fjárlagaliðir í þessum flokki um 82.5 m.kr., og kemur sú hækkun að mestu fram á Alþingi, eða 71.1 m.kr. einkum vegna vanáætlunar í fjárlögum 1975. Sú áætlun er þó við það miðuð, að fyllsta aðhalds verði gætt varðandi kostnað við þinghaldið. Þá hækkar kostnaður við ríkisstjórn um 6.7 m.kr., embætti forseta Íslands um 3.4 m.kr. og hæstarétt 1.3 m.kr., og skýrast þessar hækkanir að mestu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig frá fjárlögum 1975 í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	10.2	
Annað	260.4	÷179.0
	<hr/>	
Samtals	270.6	÷179.0

Yfirstjórn. Af þeirri 10.2 m.kr. hækkun, sem fram kemur í þessum málefnaflokki, stafa 4.0 m.kr. af hluta Íslands í norrænum fjárveitingum á sviði ráðherranefndar Norðurlandaráðs og 1.9 m.kr. af styrkveitingu til kvennaársnefndar. Að öðru leyti hækka fjárlagaliðir um 4.3 m.kr., einkum af völdum kjarasamninga og verðlags-hækkana.

Annað. Þessi málefnaflokkur hækkar um 260.4 m.kr., og kemur sú hækkun í meginráttum þannig fram, að framlag til byggðasjóðs hækkar um 263.0 m.kr. nettó, og á öðrum liðum verður 2.6 m.kr. nettólækkun. Álgjald, sem er tekjustofn markaður byggðasjóði, lækkar samkvæmt áætlun um 179.0 m.kr., og af þeim sökum þarf beint ríkissjóðsframlag að hækka um 442.0 m.kr. til að halda því marki stjórnarsáttmálans, að framlag til sjóðsins verði 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps. Samtals renna með þessu móti 1 123.0 m.kr. til sjóðsins, þar af beint ríkissjóðsframlag 982.0 m.kr. og álgjald 141.0 m.kr. Þessi hlutföll gætu breytzt við enduráætlun álgjalds, öður en fjárlög verða afgreidd.

02 Menntamálaráðuneytið. Málefnaflokkar menntamálaráðuneytisins breytast sem hér segir frá fjárlögum 1975:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	÷6.5	
Fræðslumál	1 343.2	11.2
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi ..	80.3	13.5
	<hr/>	
Samtals	1 417.0	24.7

Yfirstjórn. Lækkun sú, er fram kemur á yfirstjórn, stafar af tilfærslum viðfangsefna yfir á aðra málefnaflokkar ráðuneytisins, sbr. skýringar síðar.

Fræðslumál. Af heildarhækkuninni, 1 343.2 m.kr., koma 572.7 m.kr. fram á rekstri grunnskóla (byggingarframlög óbreytt), og er þá miðað við styttingu kennslutíma á viku hverri eins og getið er um annars staðar, 127.5 m.kr. á lánasjóði íslenzkra

námsmanna, 104.4 m.kr. á Háskóla Íslands, 89.5 m.kr. á menntaskólum, 51.1 m.kr. á iðnskólum, 34.6 m.kr. á Hjúkrunarskóla Íslands, 35.4 m.kr. á Tækniskólanum, 25.5 m.kr. á héraðsskólum og 17.1 m.kr. á Vélskólanum. Aðrar hækkunir nema samtals 274.2 m.kr., nettó, og auk þess hækkar einkaleyfisgjald af Happpdrætti háskólans um 11.2 m.kr., en það er markaður tekjustofn og rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 80.3 m.kr., þar af Þjóðleikhús 47.5 m.kr., íþróttasjóður 15.1 m.kr., Sinfóníuhljómsveitin 13.9 m.kr. og Listasafn Íslands 12.3 m.kr., en á öðrum liðum verður 22.0 m.kr. lækkun, ef frá eru taldir markaðir tekjustofnar, og er það m. a. vegna tilfærslu tónlistarmála yfir á málefnaflokkinn fræðslumál. Markaðir tekjustofnar hækka um 13.5 m.kr., og kemur sú hækkun þannig fram: Skemmtanaskattur til Félagsheimilassjóðs hækkar um 13.5 m.kr., miðagjald til Menningarssjóðs um 2.6 m.kr. og skemmtanaskattur til Sinfóníuhljómsveitar um 1.5 m.kr., en aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum lækka um 4.0 m.kr. og vindlingagjald til ÍSí um 0.1 m.kr.

03 Utanríkisráðuneytið. Framlög til málefnaflokka á vegum utanríkisráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	25.4
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	28.6
Sendiráð	100.1
Alþjóðastofnanir	38.0

Samtals 192.1

Yfirstjórn. Kostnaðarhækkunin, 25.4 m.kr., stafar að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, en sérstaklega má nefna hækkun kostnaðar við þátttöku í alþjóðaráðstefnum 3.2 m.kr.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Hækkun á þessum málefnaflokki, 28.6 m.kr., á eingöngu rætur að rekja til áhrifa kjarasamninga og verðlagshækkana.

Sendiráð. Kostnaður við sendiráðin hækkar um 100.1 m.kr. af völdum gengisbreytinga, grunnlaunahækkana og verðlagshækkana í viðkomandi löndum, og eru þessar orsakir hækkunarinnar skýrðar nánar síðar í þessum athugasemdum.

Alþjóðastofnanir. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 38.0 m.kr., fyrst og fremst vegna gengisbreytinga, en flest eru framlögin byggð á samningum og öðrum skuldbindingum.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	8.2	
Búnaðarmál	607.8	÷0.1
Skólar	20.4	

Samtals 636.4 ÷0.1

Yfirstjórn. Af 8.2 m.kr. kostnaðarauka við yfirstjórn eru 6.3 m.kr. vegna jarðeigna ríkisins og 2.4 m.kr. vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins af völdum kjarasamninga og verðlagshækkana, en framlag til jarðeignarsjóðs lækkar um 0.5 m.kr.

Búnaðarmál. Framlög til búnaðarmála hækka um samtals 607.8 m.kr. og skiptist hækkunin þannig á helztu fjárlagaliði: Útflutningsuppbætur 174.0 m.kr., jarðræktarframlög 138.8 m.kr., Stofnlánadeild landbúnaðarins 91.6 m.kr., landgræðsla 73.5 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins 36.7 m.kr., skógrækt 25.7 m.kr. og aðrir liðir 67.6 m.kr. Í framangreindum hækkunartölum er einnig talið framlag vegna verðlagsuppbóta á kostnað við landgræðsluáætlun að fjárhæð 91.5 m.kr. og er þá miðað við verðtryggingu frá byrjun framkvæmdatímabils, þ.e. ársbyrjun 1975. Loks lækkar vindlingagjald, sem markað er Landgræðslusjóði, um 0.1 m.kr. Að því er varðar framlög til útflutningsuppbóta og jarðræktarstyrkja er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar eins og skýrt er á öðrum stað.

Skólar. Kostnaður við skóla á vegum landbúnaðarráðuneytisins hækkar um 20.4 m.kr., þar af 9.4 m.kr. vegna byggingarframkvæmda og 11.0 m.kr. vegna rekstrar.

05 Sjávarútvegsráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	5.1	
Útvegsból	200.1	22.5
Önnur mál	7.5	
	<hr/>	
Samtals	212.7	22.5

Útvegsból. Skipting hækkunarinnar, 200.1 m.kr., á helztu útgjaldaliði er þannig: Fiskveiðasjóður 68.0 m.kr., Hafrannsóknastofnun 53.4 m.kr., byggingasjóður haf-rannsóknaskips 24.7 m.kr., aflatryggingasjóður 11.4 m.kr., og aðrir liðir samtals 20.1 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 22.5 m.kr., þ.e. ferskfiskmatsgjald 20.0 m.kr. og hluti útflutningsgjalds 2.5 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eftirtaldar breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	11.1
Dómgæzla, lögreglumál o.fl.	681.7
Þjóðkirkjan	58.6
	<hr/>
Samtals	751.4

Dómgæzla, lögreglumál o.fl. Þessi málefnaflokkur hækkar um 681.7 m.kr., og kemur meginhluti hækkunarinnar á þrjá flokka, þ.e. landhelgisgæzlu 223.6 m.kr., embætti sýslumanna og bæjarfógeta samtals 192.8 m.kr. og embætti lögreglustjórans í Reykjavík 147.2 m.kr. Aðrir fjárlagaliðir í þessum flokki hækka um samtals 118.1 m.kr.

Þjóðkirkjan. Að mestu leyti stafar hækkunin á framlögum til þjóðkirkjunnar af kjarasamningum og verðlagshækkunum, en þó hækka framlög til bygginga um 6.9 m.kr., þ.e. til bygginga á prestsetrum, þ.m.t. útihús 4.7 m.kr., til kirkjubygginga-sjóðs 1.5 m.kr. og til Hallgrímskirkju 0.7 m.kr.

07 Félagsmálaráðuneytið. Framlög til málefnaflokka á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	0.7	
Húsnæðismál	356.8	415.3
Önnur félagsmál	53.1	7.4
	<hr/>	<hr/>
Samtals	410.6	422.7

Húsnæðismál. Markaðir tekjustofnar í þessum málefnaflokki hækka um 415.3 m.kr., en heildarhækkun á flokknum er 356.8 m.kr., þannig að hreint ríkissjóðsframlag lækkar um 58.5 m.kr. Stafar það af því, að framlag til byggingarsjóðs verkamanna lækkar um 55.0 m.kr. vegna þess að útrunninn er fjögurra ára greiðslusamningur milli sjóðsins og Reykjavíkurborgar og vegna væntanlegrar löggjafar um 5% lækkun. Þá fellur niður framlag til rekstrarkostnaðar húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra, sem var 2.6 m.kr. í fjárlögum 1975, í samræmi við væntanlega lagabreytingu þess efnis og framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis lækkar um 0.9 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka sem fyrr greinir um 415.3 m.kr., þar af launaskattur 387.0 m.kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarsköttum og aðflutningsgjöldum samtals 28.3 m.kr.

Önnur félagsmál. Framlög í þessum flokki hækka um 53.1 m.kr., þar af meðlög 13.1 m.kr., styrktarsjóður vangefinna, sem áður hafði markaðan tekjustofn, 11.8 m.kr., lánasjóður sveitarfélaga 7.3 m.kr. og aðrir liðir 13.5 m.kr. Ennfremur verður 7.4 m.kr. nettóhækkun á mörkuðum tekjustofnum, þ.e. erfðafjárskattur 10.0 m.kr., skipulagsgjald 11.0 m.kr., en vörugjald til styrktarsjóðs vangefinna lækkar um 13.5 m.kr. og vindlingagjald til SVFÍ um 0.1 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	8.9	
Tryggingamál	3 272.0	625.7
Heilbrigðismál	351.1	2.1
Önnur mál	31.6	
	<hr/>	<hr/>
Samtals	3 663.6	627.8

Tryggingamál. Heildarhækkun framlaga til tryggingamála skiptist þannig, að hrein ríkissjóðsframlög til lífeyrstrygginga og sjúkratrygginga hækka um 2 609.3 m.kr., til atvinnuleysistryggingasjóðs um 37.0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 73.5 m.kr., lífeyristryggingagjald atvinnurekenda um 518.2 m.kr. og atvinnuleysistryggingagjöld um 34.0 m.kr. Bein framlög ríkissjóðs eru hér við það miðuð, að sérstakar lagabreytingar verði gerðar áður en fjárlög ársins 1976 verða afgreidd, eins og áður er getið, og auk þess verður 5% lækkun á framlagi til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Heilbrigðismál. Framlög til þessara mála hækka um samtals 351.1 m.kr., þar af bygging sjúkrahúsa, heilsugæzlustöðva, læknisbústaða og elliheimila 187.8 m.kr. og bygging ríkisspítala 52.0 m.kr. og aðrir liðir samtals 109.2 m.kr. Ennfremur hækka markaðir tekjustofnar um 2.1 m.kr., þ.e. samúðarskeyti landsímans 2.0 m.kr. og sérlyfjagjald 0.1 m.kr.

Önnur mál. Hér er um að ræða framlag til gæluvistarsjóðs, sem hækkar um 25.2 m.kr., og ýmsa aðra liði, er til samans hækka um 6.4 m.kr.

09 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	26.2
Toll- og skattheimta	118.2
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	139.8
Önnur mál	÷137.5
	<hr/>
Samtals	146.7

Yfirstjórn. Af heildarhækkun þessa liðar, 26.2 m.kr., eru 23.2 m.kr. vegna ríkisbókhalds sökum fjölgunar starfsliðs, aukinna verkefna og vanáætlunar á fyrri árum, en aðrir liðir hækka um samtals 3.0 m.kr.

Toll- og skattheimta. Liðir þessa málefnaflökks hækka um samtals 118.2 m.kr., þar af skattstofur og embætti ríkisskattstjóra 64.7 m.kr., tollstjóri og tollgæzla 46.3 m.kr. og aðrir liðir samtals 7.2 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Samtals er hækkun þessa málefnaflökks 139.8 m.kr., sem kemur þannig fram, að uppbætur á lífeyri hækka um 142.1 m.kr., en eftirlaun skv. launalögum eru áætluð 2.3 m.kr. lægri en í fjárlögum 1975.

Önnur mál. Í þessum flokki kemur fram 137.5 m.kr. lækkun, sem skýrist í meginráttum þannig: Framlag til ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 478.6 m.kr. vegna greiðslna af togaralánum, skýrsluvélaþjónusta vegna launaútreiknings er færð á þennan lið af aðalskrifstofu ráðuneyfisins 36.7 m.kr., Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána 18.0 m.kr., lífeyrissjóður verkalyðsfélaga 11.4 m.kr., og aðrir hækkunarliðir nema samtals 21.1 m.kr. Á móti fellur niður fjárveiting til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum 500.0 m.kr. og sérstök fjárveiting til togaralána 86.5 m.kr., og útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum lækka um 116.8 m.kr.

10 Samgönguráðuneytið. Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	3.3	
Vegamál	396.9	320.0
Önnur samgöngumál	427.9	5.7
	<hr/>	
Samtals	828.1	325.7

Vegamál. Framlög til vegamála hækka um 396.9 m.kr., þar af markaðir tekjustofnar 320.0 m.kr., auknar lántökur 137.0 m.kr., en ríkissjóðsframlög hækka um 56.9 m.kr., þ.e. almennt ríkissjóðsframlag 55.0 m.kr. og sérstakt framlag til að halda uppi byggð og gístaðstöðu fyrir ferðamenn 1.9 m.kr. Áætlun þessi er byggð á vegáætlun skv. þingsályktun frá maí sl., að öðru leyti en því, að ríkissjóðsframlag er lækkað sem svarar 5% af útgjöldum vegagerðar, öðrum en launaútgjöldum. Verður almennt ríkissjóðsframlag 325.0 m.kr. í stað 500.0 m.kr. í vegáætlun.

Önnur samgöngumál. Liðir þessa málefnaflökks hækka um samtals 427.8 m.kr., þar af hafnamál að meðtöldum landshöfnum 187.6 m.kr., flugmál 130.4 m.kr., Skipaútgærd ríkisins 54.0 m.kr. og aðrir liðir 50.2 m.kr. Ennfremur hækka markaðir tekjustofnar um 5.7 m.kr., þ.e. skipaskoðunargjald 4.0 m.kr., vitagjald 1.0 m.kr. og sérleyfisgjald 0.7 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Á málefnaflokkum iðnaðarráðuneytisins verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1975	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	6.6	
Iðnaðarmál	308.0	11.5
Orkumál	208.5	292.0
	<hr/>	<hr/>
Samtals	523.1	303.5

Iðnaðarmál. Sú 308.0 m.kr. hækkun, sem verður á framlögum til iðnaðarmála, stafar að meginhluta af því að inn er tekið 285.0 m.kr. eiginfjárframlag til járnblendiverksmiðju. Þá eykst framlag til gosefnarannsóknna um 20.0 m.kr., en önnur bein ríkissjóðsframlög í þessum flokki lækka um 8.5 m.kr. Þessu til viðbótar hækka markaðir tekjustofnar um 11.5 m.kr., þar af iðnaðargjald 7.0 m.kr. og byggingar-iðnaðarsjóðsgjald 4.5 m.kr.

Orkumál. Framlög til orkumála hækka um 208.5 m.kr., og kemur hækkunin þannig fram í stórum dráttum, að markaðir tekjustofnar hækka um 292.0 m.kr., þ.e. verðjöfnunargjald 275.0 m.kr. og rafmagnseftirlitsgjald 17.0 m.kr., en bein ríkissjóðsframlög lækka um 83.5 m.kr. Sú lækkun skýrist þannig, að í framlögum til orkusjóðs eru á þessu stigi ekki tekin með framlög til sveitarafvæðingar, lána-greiðslna og lána til jarðhitaleitar, er námu samtals 169.7 m.kr. í fjárlögum 1975, þar sem eðlilegt þykir, að á þessi mál verði litið í meðförum þingsins í sambengi við ráðstöfun hluta sölugjalds og lánstjáröflunar til orkumála á árinu 1976, eins og nánar er að vikið síðar. Þá lækkar eiginfjárframlag til Landsvirkjunar um 9.8 m.kr., en framlög til Orkustofnunar hækka um 82.9 m.kr. og til jarðvarmaveitna ríkisins um 14.3 m.kr. Loks verður 1.2 m.kr. lækkun á sérstöku framlagi til jarðhitaleitar á vegum fjárveitinganefndar.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Eftirtaldar breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1975
Yfirstjórn	6.0
Niðurgreiðslur	510.0
Annað	14.9
	<hr/>
Samtals	530.9

Niðurgreiðslur. Á liðnum verður 510.0 m.kr. hækkun, þar af 150.0 m.kr. vegna niðurgreiðslna á áburðarverði og vegna lífeyrissjóðs bænda 46.0 m.kr. Eiginlegar niðurgreiðslur á verði neyzluvara hækka því um 314.0 m.kr., og er þá miðað við, að niðurgreiðslur verði lækkaðar um 1 425.0 m.kr., eða rösklega fjórðung frá því stigi niðurgreiðslna, sem er í september 1975.

13 **Hagstofa Íslands.** Kostnaður eykst um 13.0 m.kr., þar af aðalskrifstofa 8.8 m.kr. og þjóðskráin 4.2 m.kr. Er orsök þessara hækkana fyrst og fremst launa- og verðlagshækkanir.

14 **Ríkisendurskoðun.** Framlag hækkar um 19.0 m.kr. að mestu vegna kjara-samninga og almennra verðlagshækkana.

15 **Fjárlaga- og hagsýslustofnun.** Á fjárlagaliðum, er tilheyra þessari stofnun, verður samtals 463.2 m.kr. hækkun, þar af vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs 457.9 m.kr., aðalskrifstofa 4.7 m.kr. og ríkisbifreiðar, framlag, 0.6 m.kr.

Tekjuhlíð.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1976 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á liðandi ári, 1975, og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir næsta ár, 1976, sem raktar eru hér að framan.

Heildartekjur á rekstrarreikningi 1976 eru áætlaðar 57 401 m.kr. samanborið við 49 721 m.kr. í endurskoðaðri tekjuáætlun ársins 1975 og 47 626 m.kr. í fjárlögum ársins 1975. Hækkun tekna frá 1975 til 1976 er því áætluð nema 7 680 m.kr. eða 15,4%, en hækkun tekna frá fjárlögum ársins 1975 nemur hins vegar 9 775 m.kr. eða 20,5%.

	Fjárlög 1975 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1975 m.kr.	Fjárlaga- frumvarp 1976 m.kr.
Almennar tekjur	41 170	43 177	49 398
Markaðar tekjur	6 456	6 544	8 003
Heildartekjur	47 626	49 721	57 401

Persónuskattar nema í heild 2 079 m.kr., og er hækkun frá fjárlögum 1975 626 m.kr. eða 43,1%. Munar þar langmest um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyris-trygginga, sem hækka um 518 m.kr. eða um 64,4%.

Eignarskattar. Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 1 022 m.kr. eða um 524 m.kr. meiri en í fjárlögum 1975. Meginástæðan er sú að gert er ráð fyrir, að fasteignamat verði fært fram til núverandi verðlags á þessu ári, en fasteignamat til eignarskatts hefur verið óbreytt síðan nýtt fasteignamat tók gildi við álagningu 1972. Ekki liggur enn fyrir, hve mikið fasteignamat mun hækka að meðaltali, en þó er ljóst, að það mun a. m. k. þrefaldast. Að óbreyttum reglum um skattfrjálsa eign og skattþrep við álagningu eignarskatts einstaklinga mætti búast við enn meiri hækkun eignarskatts. Við þessa hækkun fasteignamats verður nauðsynlegt að taka álagningu eignarskatts til endurskoðunar, sérstaklega hvað snertir skattfrjálsa eign og skattþrep, og eru þessi atriði nú til athugunar. Rétt þykir að gera þegar í fjárlagafrumvarpi ráð fyrir hækkun eignarskatts vegna þessara breytinga, þótt endanleg ákvörðun í þessu máli liggji ekki enn fyrir. Álagður eignarskattur 1975 nemur 487 m.kr., en á næsta ári er hér reiknað með rúmlega 1 100 m.kr. álagningu að meðtalinni aukningu eignarstofns og áhrifum annarra verðbreytinga en hækkunar fasteignamats. Á grundvelli þessa er innheimtur eignarskattur einstaklinga áætlaður 492 m.kr. á næsta ári og eignarskattur félaga 460 m.kr. Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti er áætlað 9,5 m.kr.

Tekjur af erfðafjárskatti verða sennilega svipaðar í ár og áætlað var í fjárlögum eða 50 m.kr. Á árinu 1976 er erfðafjárskattur áætlaður 60 m.kr.

Tekjuskattur. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1975, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars hefur verið dreginn frá, er 7 578 m.kr. Barnabætur eru 2 624 m.kr. og afsláttur til greiðslu útsvars er áætlaður 770 m.kr. og er tekjuskattur einstaklinga nettó því áætlaður 4 184 m.kr.

Miðað við innheimtu beinna skatta á fyrra árshelmingi 1975 og áætlun um innheimtu það sem eftir er ársins, gæti innheimtur tekjuskattur einstaklinga í ár orðið 4 350 m.kr., og er innheimta af eftirstöðvum frá fyrri árum þá meðtalin. eru greiddar fjölskyldubætur í ár þá taldar með barnabótum og dregnar frá tekjuskatti. Þetta er 570 m.kr. lægri upphæð en reiknað var með í fjárlögum, bæði vegna þess, að tekjuskattur var lækkaður nokkru meira en þar var gert ráð fyrir, auk þess sem tekjuaukning milli árana 1973 og 1974 reyndist heldur minni en áætlað var (51%

í stað 53%). Innheimtur tekjuskattur félaga gæti reynzt um 1 200 m.kr. Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti er áætlað 81 m.kr.

Nú er áætlað, að tekjur til skatts hækki um nálægt 27% milli áranna 1974 og 1975 að meðtalinni 1½—2% fjölgun framteljenda. Áætlun um álagðan tekjuskatt einstaklinga 1976 er reist á þessari forsendu, auk þess sem gert er ráð fyrir skattvísitölu 125 (1975=100), þannig að skattvísitala hækki jafnt og meðaltekjur til skatts. Samkvæmt þessari áætlun yrði álagður tekjuskattur á næsta ári að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars rúmlega 5 500 m.kr., en innheimtur skattur er áætlaður 5 600 m.kr. með tilliti til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót og innheimtureynslu að undanfögnu. Þessi áætlun um tekjuskatt einstaklinga felur í sér, að bein skattbyrði reiknuð sem álagðir beinir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs, þ.e. þess árs þegar teknanna er aflað, verði 14,3—15% á árinu 1976, eftir því hvort heimilað verður álag á útsvör á næsta ári og einnig eftir því, hvernig eignarsköttun verður endanlega hagað. Þetta er svipuð skattbyrði og áætlað er á árinu 1975, 14,5%, en á árinu 1974 var skattbyrðin, reiknuð á sambærilegan hátt, 15,2%.

Álagður tekjuskattur félaga 1975 er 1 210 m.kr. eða heldur meiri en áætlað var áður, og er innheimtur skattur áætlaður svipaður eða um 1 200 m.kr. Á grundvelli afar lauslegra áætlana um afkomu helztu atvinnugreina á árinu 1975 má búast við því, að álagður tekjuskattur félaga verði minni á næsta ári en í ár, en afar erfitt er nú að áætla þennan tekjustofn. Hér er gert ráð fyrir 950 m.kr. álagningu á næsta ári og samkvæmt því yrði innheimtur skattur um 990 m.kr. með tilliti til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót.

Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 95,9 m.kr. á næsta ári, sem er 21,5 m.kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1975.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur tekna hækkar um 142 m.kr. frá nýrri áætlun 1975 og um 698 m.kr. frá fjárlögum 1975.

Almennar tolltekjur eru nú áætlaðar 10 070 m.kr. í ár, sem er aðeins 4% aukning frá fjárlagaáætlun, þrátt fyrir að nú er reiknað með rúmlega 17% meiri almennum vöruinnflutningi í krónum talið en miðað var við í fjárlagaáætlun. Meðaltollhlutfall í ár verður því lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum, fyrst og fremst vegna minni bílannflutnings og annars hátollannflutnings og eins vegna þess, að tollalækkun á árinu varð meiri en reiknað var með í fjárlögum. Tekjuáætlun fyrir 1976 er miðuð við óbreytt magn innflutnings frá 1975 og einnig óbreytta samsetningu innflutnings, t. d. sama innflutnings á bílum og áætlað er 1975. Þannig er gert ráð fyrir óbreyttu tollhlutfalli á næsta ári að öðru leyti en því, sem samningsbundnar tollalækkunar gefa ástæðu til lækkunar tollhlutfalls. Um næstu áramót tekur gildi fjórði áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið, og hefur tolltekjutap vegna þessara samninga og aðlögunar annara tolla verið lauslega áætlað um 800 m.kr. Verðhækkun innflutnings í erlendri mynt er áætluð 5% milli áranna 1975 og 1976 og er þá stuðzt við síðustu spár OECD. Þetta felur í sér um 9% verðhækkun í krónum m.v. núverandi gengi. Á næsta ári eru tolltekjur ríkissjóðs samkvæmt þessu áætlaðar 10 013 m.kr.

Innflutningsgjald af bifreiðum er nú áætlað 700 m.kr. í ár og 800 m.kr. á næsta ári miðað við sama fjölda bíla og í ár og nógildandi gjaldskrá óbreytta.

Innflutningsgjald af benzini og gúmmigjald er samtals áætlað 1 938 m.kr. í ár eða um 100 m.kr. hærri en á fjárlögum. Á næsta ári eru þessi gjöld áætluð 2 033 m.kr. Báðar þessar áætlanir, fyrir 1975 og 1976, eru óbreyttar frá fjáröflunarforsendum vegáætlunar fyrir árin 1974—77, sem afgreidd var frá Alþingi í vor. Önnur gjöld af innflutningi eru áætluð 139,6 m. kr., sem er hækkun um 6,2 m.kr. frá fjárlögum 1975.

Skattar af framleiðslu. Þessi flokkur tekna var áætlaður 490 m.kr. í fjárlögum ársins 1975, þar af nam álgjald í Byggðasjóð 320 m.kr. Ástand á álmarkaði hefur hins vegar breytt mjög frá því þessi áætlun var gerð og forsendur hennar því breyttar. Er álgjald nú áætlað 95 m.kr. í ár og 141 m.kr. á næsta ári. Bæði árin er aðeins reiknað með lágmarksgjaldi, en 1. okt. 1975 hækkar það úr \$ 12,50 pr. tonn í \$ 20,00 pr. tonn. Þá er hér ekki gert ráð fyrir aukningu álútflutnings á næsta ári frá því, sem reiknað er með í ár, og er reiknað með 63 þús. tonna gjaldskyldri framleiðslu.

Tekjur af vörugjaldi af innlendri framleiðslu nokkurra vörutegunda og innfluttum vörum samkvæmt lögum nr. 97/1971 eru áætlaðar 158 m.kr. í ár og á næsta ári má reikna með svipuðum tekjum af þessum stofni. Sérstakt tímabundið vörugjald, sem lagt var á með bráðabirgðalögum nr. 65/1975 frá 16. júlí s.l., er áætlað skila um 1 700 m.kr. á árinu 1975, en samkvæmt lögnum fellur gjald þetta niður um næstu áramót.

Skattur af seldum vörum og þjónustu. Heildarhækkun tekna í þessum flokki frá nýrri áætlun 1975 er 6 435 m.kr., en frá fjárhagsáætlun 1975 er hækkunin 7 517 m.kr. Innheimtur söluskattur í ríkissjóð í ár er nú áætlaður 16 300 m.kr., sem er 460 m.kr. lægri upphæð en í fjárlögum vegna niðurfellingar söluskatts af ýmsum matvælum og flugfargjöldum innanlands frá maí s.l., en þessi niðurfelling er metin 600 m.kr. í ár. Samkvæmt gildandi lögum fellur 2% sölugjald til viðlagasjóðs niður um næstu áramót. Hér er gert ráð fyrir, að þetta gjald renni óskert í ríkissjóð frá og með næstu áramótum. Eins og áður hefur verið minnst á, telur ríkisstjórnin rétt að stefna að því, að sveitarfélögin fái 8% hlut úr öllum söluskattinum til Jöfnunarsjóðs jafnframt því sem verkefni þeirra yrðu aukin. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps er þó miðuð við óbreyttan hluta sveitarfélaga í sölugjaldinu, enda liggja ekki fyrir niðurstöður endurskoðunar þessara mála. Miðað við forsendur frumvarpsins um óbreytt magn almennra þjódarútgjalda milli árunna 1975 og 1976 og óbreytta söluskattskyldu frá því sem nú er, er innheimtur söluskattur í ríkissjóð á næsta ári áætlaður 21 560 m.kr.

Launaskattur er í ár áætlaður 2 520 m.kr. eða 120 m.kr. meiri en í fjárlögum. Á næsta ári má búast við 3 050 m.kr. innheimtu miðað við óbreytt kauplag frá október 1975 og óbreyttar álagningarreglur. Hluttur Byggingarsjóðs er í ár áætlaður 1 416 m.kr., en 1 740 m.kr. á næsta ári.

Rekstrarhagnaður Á.T.V.R. er í ár áætlaður um 5 150 m.kr., sem er 1 050 m.kr. hækkun frá fjárlögum, enda hefur útsöluverð áfengis og tóbaks tvívegis verið hækkað frá áramótum. Miðað við núverandi útsöluverð óbreytt eru tekjur af þessum stofni áætlaðar 5 900 m.kr. á næsta ári.

Flugvallagjald skv. 23. gr. laga nr. 11/1975 er í ár áætlað 225 m.kr. Hér er gert ráð fyrir áframhaldandi innheimtu þessa gjalds á næsta ári og er innheimta þá áætluð 235 m.kr.

Aðrir skattar af seldum vörum og þjónustu eru áætlaðir 219 m.kr. í ár — 183 m.kr. í fjárlagaáætlun — og 244 m.kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 2 313 m.kr. í ár, sem er rúmlega 200 m.kr. hækkun frá fjárlögum, aðallega vegna meiri tekna af stimpilgjaldi og öðrum svipuðum stofnum. Á næsta ári eru tekjur af þessum sköttum áætlaðar 2 736 m.kr. Bifreiðaskattur er í ár áætlaður 487 m.kr., en 537 m.kr. á næsta ári samkvæmt vegáætlun. Verðjöfnunargjald af raforku er áætlað 715 m.kr. 1976 miðað við núverandi orkuverð óbreytt. Aðrar tekjur í þessum flokki eru aðallega áætlaðar með tilliti til almennra veltubreytinga.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið hækka úr 127 m.kr. á fjárlögum 1975 í 198 m.kr. í áætlun fyrir næsta ár, aðallega vegna meiri tekna af frihöfninni á Keflavíkurflugvelli.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 405 m.kr. í ár, sem er talsverð hækkun frá fjárlaga-áætlun, vegna meiri innheimtu framan af árinu en búist var við. Á næsta ári eru ýmsar tekjur áætlaðar 410 m.kr.

Hér á eftir fer yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1976 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1975 og endurskoðuð áætlun um tekjur þess árs. Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkisins 15,4% 1975 í stað 18,6% í fjárlögum ársins og hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 80,5% í 83,5%, en aðrar tekjur eru um 1%. Á árinu 1976 verður hlutdeild beinna skatta 17,1%, hlutdeild óbeinna skatta 81,9%, en aðrar tekjur eru áfram um 1%.

	Fjárlög 1975	Endurskoðuð áætlun 1975	Frumvarp 1976
1. Persónuskattar	1 453	1 453	2 079
2. Eignarskattar ¹⁾	497	551	1 022
3. Tekjuskattur ¹⁾	6 894	5 633	6 686
a. Einstaklingar	5 854	4 421	5 686
b. Félög	1 040	1 212	1 000
4. Gjöld af innflutningi	12 283	12 840	12 982
a. Almenn aðflutningsgjöld	9 682	10 070	10 013
b. Benzín- og gúmmígjald	1 838	1 938	2 033
c. Innflutningsgjald af bifreiðum	630	700	800
d. Annað	133	132	136
5. Skattar af framleiðslu	490	1 953 ²⁾	299
6. Skattar af seldum vörum og þjónustu ..	23 473	24 444	30 989
a. Söluskattur	16 790	16 330	21 560
b. Launaskattur	2 400	2 520	3 050
c. Á.T.V.R.	4 100	5 150	5 900
d. Annað	183	444	479
7. Aðrir óbeinir skattar	2 111	2 313	2 736
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	127	129	198
9. Ýmsar tekjur	297	405	410
Samtals	47 626	49 721	57 401
Beinir skattar	8 844	7 637	9 787
Óbeinir skattar	38 358	41 550	47 006
Aðrar tekjur	424	534	608

Lánahreyfingar.

Niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga er 6 556 m.kr. og á innhlið 6 761 m.kr., þannig að afgangur er 205 m.kr. Fyrirhugaðar lántökur innan lands eru byggðar á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg og heimildum í 6. gr. frumvarpsins og auk þess á 3. gr. laga nr. 7/1974 um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innan lands. Erlend lántaka vegna framkvæmda við Landshöfnina í Þorlákshöfn er byggð á 3. gr. laga nr. 91/1973, en um aðrar erlendrar lántökur verður leitað heimildar í sérstöku lagafrumvarpi, er lagt mun fyrir haustþingið. Verður í því, sem hér fer á eftir, gerð grein fyrir einstökum liðum lánahreyfinganna.

1) Byggingarsjóðsgjald innifalið.

2) Þ.e. sérstakt tímabundið vörugjald 1 700 m.kr.

Lánahreyfingar út.

Niðurstöðutala á lánahreyfingum út er, sem fyrr greinir, 6 556 m.kr., og renna 5 000 m.kr. til framkvæmda B-hluta fyrirtækja og 1 556 m.kr. til afborgana af lánnum ríkissjóðs. Auk framkvæmda fyrirtækja í B-hluta er ætlað að afla 1 725 m.kr. til framkvæmda, sem eru í A-hluta frumvarpsins, eða samtals 6 725 m.kr. Á árinu 1975 er ráðgert að afla samtals 5 000 m.kr. til framkvæmda, og er því um að ræða 1 725 m.kr. hækkun. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd fyrirhuguð ráðstöfun þessa lánsfjár og til samanburðar ráðstöfun lánsfjár á árinu 1975 skv. lögum um efnahagsráðstafanir o. fl. (nr. 11/1975) í millj. kr.:

A-hluti:	1975	1976	Hækkun
Vegaframkvæmdir	900	1 050	150
Landshafnir	350	310	÷40
Dangverksmiðja	230	80	÷150
Járnblendiverksmiðja, eiginfjárframlag ...	—	285	285
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	1 480	1 725	245
 B-hluti:			
Orkumál	3 520	5 000	1 480
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals A- og B-hluti	5 000	6 725	1 725

Vegagerð. Hér er gert ráð fyrir sömu lánsfjáröflun og í vegáætlun fyrir árin 1974—1977 skv. þingsályktun frá 16. maí sl. Fjárhæð þessari er skv. áætluninni ráðstafað þannig, að 500 m.kr. renna til norður- og austurvegar og 550 m.kr. til annarra vegaframkvæmda. Lánsfjáröflun til vegagerðar á árinu 1975 er áætluð 900 m.kr. skv. lögum nr. 11/1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., þannig að hækkun skv. þessu frumvarpi er 150 m.kr.

Landshafnir. Lánsfjáröflun til framkvæmda í landshöfnum, 310 m.kr., skiptist þannig, að 50 m.kr. renna til Njarðvíkurhafnar, 35 m.kr. til Rífs og 225 m.kr. til Þorlákshafnar til áframhalds framkvæmda sem staðið hafa yfir á þessum stöðum. Auk framangreindrar lánsfjáröflunar vegna Þorlákshafnar, sem kemur frá Alþjóðabankanum í Washington, verður beint ríkissjóðsframlag 150 m.kr., þannig að til framkvæmda þar verður varið samtals 375 m.kr. Árið 1975 eru fyrirhugað að afla 350 m.kr. lánsfjár til framkvæmda í landshöfnum, og er því um að ræða 40 m.kr. lækkun, sem öll kemur fram á Þorlákshöfn.

Dangverksmiðja. Lánsféð, 80 m.kr., skiptist þannig, að til aukningar eigin fjár ríkissjóðs í fyrirtækinu renna 15 m.kr., til borunar viðbótarholu til orkuöflunar 15 m.kr. og til hafnargerðar 50 m.kr., þar af 21 m.kr. til endurgreiðslu á bráðabirgðalántöku 1975. Ekki er enn ljóst, hvort þessi fjárhæð nægir til að gera viðunandi hafnarmannvirki til frambúðar, en kostnaður við það og raunar aðrar framkvæmdir vegna verksmiðjubyggingarinnar hefur farið mjög verulega fram úr þeim áætlunum, er lágu til grundvallar, þegar ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar var tekin. Á árinu 1975 er ráðgert að afla 230 m.kr. til verksmiðjunnar, og er því um 150 m.kr. lækkun að ræða á árinu 1976.

Járnblendiverksmiðja. Á þessu stigi er gert ráð fyrir 285 m.kr. lánsfjáröflun, er renni sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til verksmiðjunnar. Ljóst er hins vegar, að þetta er einungis hluti þess fjármagns, sem afla verður, en nánar verður gerð grein fyrir því máli í sambandi við heildaráætlun um lánamarkaðinn, sem vikið er að hér á eftir.

Orkumál. Enda þótt fullnægjandi áætlanir hafi borizt um nokkur svið orkumálanna, vantar mikið á, að það eigi við allar áætlanir, sem hafa borizt. Það er hins vegar ljóst, að í áætlunum sínum stefna aðilar að miklu meiri framkvæmdum en hugsanlegt er að afla fjár til, og með tilliti til þess og ónógs rökstuðnings fyrir fjárbeiðnum, hefur verið horfið að því ráði að sundurliða ekki í frumvarpinu það 5 000 m.kr. lánsfjármagn, sem á þessu stigi er áætlað, að gengið geti til orkumála á árinu 1976. Ennfremur þarf í þessu sambandi að taka frekari ákvörðun um nýtingu hluta sölugjalds í þágu orkumála. Er við það miðað, að þessi mál verði unnin á næstu vikum, þannig að unnt verði að leggja þau fyrir þingið nægilega snemma til þess að ákvörðun um skiptingu alls fjármagns, sem unnt verður að verja til orkumála á árinu 1976, verði tekin um leið og fjárlög verða afgreidd.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afborgunum almennra lána ríkissjóðs í fjárlögum 1975 og frumvarpi 1976 í þús. kr.:

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	1 445	916	÷529
04 231	Skógrækt ríkisins	311	615	304
04 241	Landnám ríkisins	1 677	1 679	2
10 656	Landmælingar	1 635	10 841	9 206
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	864	76
15 191	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	269	269	
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	658	÷92
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 279	3 279	
	Tækniskólinn	287	77	÷210
	Kennaraháskóli Íslands	640	640	
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	
	Búnaðarb. Íslands v/skóla o. fl.	525	525	
	Verslunarb. Íslands v/skóla o. fl.	998	998	
	Héraðsskólinn Reykholti	45	5	÷40
	Bændaskólinn Hvanneyri	12	12	
	Landspítalinn	5 732	5 507	÷225
	Lögreglustöðin í Reykjavík	4 680	4 680	
	Skattstofa Suðurlands	6	5	÷1
	Skjaldbreiðareign	1 550	1 325	÷225
	Vonarstræti 12	702	702	
	Seðlabankinn vegna áburðarsölu	5 400	6 500	1 100
	Seðlabankinn vegna yfirdráttarskuldar	500 000	723 000	223 000
	Seðlabankinn vegna framlags til Atvinnumála- nefndar ríkisins	14 300	14 300	
	Seðlabankinn vegna hækkunar framlags til Al- þjóðabankans	9 316	5 991	÷3 325
	Seðlabankinn v/flugvélakaupa fyrir Land- helgisgæzlu	19 732	26 723	6 991
	Seðlabankinn v/Norðurstjórnunnar hf., hluta- bréfakaup	500	500	
	Listasafn Íslands	1 233	1 198	÷35
	Kjarvalshús (Byggingarsj. Listasafns Íslands)	75		÷75
	Spariskirteinalán v/perlusteinsrannsóknna	250	250	

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
	Spariskirteinalán v/stofnframlags til Landsvirkjunar	9 556	9 556	
	Spariskirteinalán v/framkv.áætlunar 1971	1 210	1 210	
	Spariskirteinalán v/láns í Frakklandi til tog- arakaupa	11 200	11 200	
	Spariskirteinalán vegna Rannsóknaráðs ríkis- ins til sjó- og jarðefnarannsókna	1 514	1 514	
	PL-480 vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju	2 359	3 197	838
	Landsbankinn v/hlutabréfakaupa í Kísiliðju Frankvæmdasjóður v/hlutabréfakaupa í Kísil- iðju (erl.)	200	200	
	Frankvæmdasjóður v/hlutabréfakaupa í Kísil- iðju (innl.)	6 337	9 124	2 787
	Endurlán vegna Norðurstjórnunnar hf.	2 000	2 000	
	Lán vegna kaupa á prestsetrum	240	240	
	Lán vegna kaupa á prestsetrum	859	2 225	1 366
	Lán vegna skrifstofuhúsnaðis embættis sýslu- mannsins á Hvolsvelli (Landsb.)	450	690	240
	Lán vegna embættis sýslumanns á Selfossi ..		1 000	1 000
	Lán vegna bæjarfógetaembættis á Akranesi ..	100	100	
	Lán vegna bæjarfógetaembættis í Keflavík ..	293	493	200
	Lán vegna biskupsbústaðar (Sparisj. Reykja- víkur)	53	35	÷18
	Lán vegna kaupa á Vonarstræti 8	886	886	
	Ferðamálasjóður	63	68	5
	Fiskveiðasjóður v/Hafrannsóknastofnunar (Dröfn)	587	655	68
	Lán til kaupa á Pólstjórnum f. Hafrann- sóknastofnun	1 772	1 772	
	Lán v/kaupa á Laugarásvegi 71 f. Klepps- spítala	527	527	
	Lán v/kaupa á Tunguhálsi 2 f. Þvottahús ríkis- spítala	140	153	13
	Lán v/upptökuheimilis í Kópavogi		140	140
	Lán v/Kirkjustrætislóða (handhafi)	2 050	2 050	
	Happdrættislán ríkissjóðs 1948	32	32	
	Lán v/hlutabréfakaupa í Áburðarverksmiðju Handhafalán vegna Tjarnargötu 3	4 069	2 249	÷1 820
	Handhafalán vegna Tjarnargötu 3	318	318	
	Lán vegna dýralæknisbústaða	424	924	500
	Spariskirteinalán vegna hafnagerða		7 714	7 714
	Spariskirteinalán vegna orkurannsókna		5 500	5 500
	Spariskirteinalán vegna Þangverksm.		2 922	2 922
	Lán vegna hafnagerða		20 000	20 000
	Lán vegna kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Ís- lands		556	556
	Lán hjá Háskóla Íslands vegna Félagsstofn- unar stúdenta	400	400	
	Spariskirteinalán 1974 (áætl.)	28 500		÷28 500
	Scandinavian Bank Ltd. v/endurbyggingar á v/s Þór	12 440	16 848	4 408
	Export-Import Bank vegna framlags til stækk- unar Kísiliðjunnar hf.	11 520	1 262	÷10 258
	Spariskirteinalán v/Þangverksm.		10 905	10 905

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
	Alusuisse v/framlags til Landsvirkjunar		6 514	6 514
	Scandinavian Bank Ltd. v/framl. til Landsvirkjunar	9 216	12 480	3 264
	Seðlabankinn v/yfirdráttaskuldar RARIK		186 200	186 200
	Seðlabankinn v/breytinga á Óðni (erl.)		10 730	10 730
	Danmarks Skibskreditfond v/byggingar Týs ..		42 120	42 120
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	743	1 346	603
	Sendiráðið í Osló	64	93	29
	Sendiráðið í Stokkhólmi	1 075	2 259	1 184
	Sendiráðið í Washington	359	535	176
	Sendiráðið í New York	241	507	266
	Sendiráð Íslands hjá EFTA	1 171	918	÷253
	Seðlabankinn v/vegagerðar (erl. lán)	75 218	87 912	12 694
	Seðlabankinn v/vegagerðar (yfirdr. skuld) ..		66 000	66 000
	Endurlán v/vegagerðar	103 133	106 634	3 501
	Innlánsstofnanir v/vegagerðar	6 310	4 228	÷2 082
	Lánast. v/erl. lána v/vegagerðar	15 325	23 969	8 644
	Ýmsir innl. aðilar v/vegagerðar	1 805	561	÷1 244
	Endurlánað erlent lánsfé v/vegagerðar	17 686	28 860	11 174
	Lántaka '75 v/vegagerðar		42 143	42 143
	Samtals	909 397	1 555 548	646 151

Lánahreyfingar inn.

Eins og fyrr greinir er niðurstöðutala á lánahreyfingum inn 6 761 m.kr., þar af lántökur vegna framkvæmda í A-hluta frumvarpsins 1 725 m.kr., vegna framkvæmda í B-hluta 5 000 m.kr. og innheimtar afborganir af veittum lánunum 36 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á fjáröflun til framkvæmda skv. þessu frumvarpi og skv. lögum nr. 11/1975 um efnabagsmálaráðstafanir o. fl. í m.kr.:

Innlend fjáröflun:	1975	1976	Hækkun
Innheimt af endurlánuðum spariskírteinum og eftirstöðvar frá fyrra ári	1 080	1 520	440
Útgáfa spariskírteina	1 100	1 400	—
Útgáfa happdrættisskuldabréfa	300		
Skyldusparnaður	225	—	÷225
	2 705	2 920	215
Erlend fjáröflun:			
Alþjóðabankinn v/Þorlákshafnar	280	225	÷55
Sérstök lántaka til N- og A-landsáætlana	215	—	÷215
Önnur erlend lántaka	1 800	3 580	1 780
	2 295	3 805	1 510
Fjáröflun samtals	5 000	6 725	1 725

Samkvæmt þessari fjáröflunaráætlun verður meginhækkun lánsfjár í formi aukinna lántaka erlendis. Þetta gefur þó ófullkomna mynd af lánamálunum í heild, þar sem ýmsar opinberar framkvæmdir, sem ætlað er að fjármagna með erlendu lánsfé, eru ekki teknar með í þetta yfirlit, hvorugt árið. Má þar t. d. nefna fram-

kvæmdir við Sigöldu og Grundartanga og tækjakaupalán í sambandi við Kröflu-
virkjun og aðrar framkvæmdir á sviði orkumála. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórn-
arinnar er nú unnið að gerð heildaráætlunar um lánsfjármarkaðinn á næsta ári,
og er stefnt að því, að hún verði fullbúin fyrir lok októbermánaðar. Verður sú
áætlun lögð fram á Alþingi, þannig að heildarmynd lánsmöguleika liggi fyrir, áður
en endanlegar ákvarðanir um framkvæmdir verða teknar við afgreiðslu fjárlaga.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd sundurliðun á innheimtum afborgunum af al-
mennum lánnum ríkissjóðs í þús. kr.:

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Mismunur
Atvinnujöfnunarsjóður	14 300	14 200	÷100
Landsvirkjun v/aðflutningsgjalda	3 375	3 375	
Lagmetisiðjan Siglósild	550	346	÷204
Bifreiðakaupalán	3 638	3 610	÷28
Gjaldeyrisdeild bankanna	940	940	
Hampiðjan hf. vegna Heyrnleysingjaskólans .	1 000	1 000	
Þvottahús ríkisspítala	1 500	1 500	
Borgartún 7, húseign	1 004	2 816	1 812
RARIK	3 733		÷3 733
Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna	285	385	100
Ýmsir aðilar	10 000	8 000	÷2 000
	<hr/>	<hr/>	
	40 325	36 172	÷4 153

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Svo sem venja hefur verið, verður í þessum hluta greinargerðarinnar fjallað
um breytingar á einstökum liðum frumvarpsins frá fjárlögum 1975 á nákvæmari
hátt en í yfirlitshlutunum um gjaldahlíð hér að framan. Þegar hefur verið vikið að
því, hvern þátt launa- og verðlagshækkunar eiga í útgjaldahækkuninni að því er
tekur til launa og annars rekstrarkostnaðar. Verða því fjárlagaliðir, sem hækka
eingöngu af þessum sökum ekki ræddir frekar, heldur verður megináherzla lögð
á aðrar orsakir breytinga á fjárveitingum í því sem hér fer á eftir.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 Alþingi. Kostnaður við Alþingi hækkar um 71 095 þús. kr. eða 33,6%. Er þetta
nokkru meiri hækkun en almennt gerist í ríkisrekstrinum, og er þá tekið tillit
til mikillar vanáætlunar stofnunarinnar til fjárlaga 1975. Áætluð fjárveiting
skv. þessu frumvarpi er þó einungis 2,8% hærrí en reikningstala ársins 1974.
Gert er ráð fyrir því, að kostnaður Alþingis verði tekinn til sérstakrar skoð-
unar við meðferð fjárlagafrumvarpsins.

01 Forsætisráðuneytið.

101 Aðalskrifstofa. Framlag hækkar um 10 190 þús. kr., þar af 4 000 þús. kr. vegna
hluta Íslands í norrænum fjárveitingum á vegum ráðherranefndar Norður-
landaráðs, sem ekki hefur verið í fjárlögum áður, og 1 900 þús. kr., sem er
kostnaður við kvennaársnefnd. Eðlilegar launahækkunar nema 1 330 þús. kr.
og hækkun annarra rekstrarliða 2 960 þús. kr., þ. á m. fasteignagjöld.

171 Byggðasjóður. Í heild verður framlag til sjóðsins 1 123 000 þús. kr., eða 2%
af útgjaldatölu fjárlagafrumvarps samkvæmt málefnsamningi ríkisstjórn-
arinnar. Eru tekjur af álgjaldi áætlaðar 141 000 þús. kr. og ríkissjóðsframlag

982 000 þús. kr. Heildarframlagið hækkar um 263 000 þús. kr., en þar sem álgjald er áætlað 179 000 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1975, er á þessu stigi gert ráð fyrir hækkun ríkissjóðsframlags um 442 000 þús. kr. Þessi hlutföll gætu breytt við endurskoðun áætlunar um álgjald.

02 Menntamálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Á þessum lið kemur fram 6 496 þús. kr. lækkun vegna færslu viðfangsefna á önnur fjárlaganúmer að tillögu ráðuneytisins. Er hér um að ræða liðina framkvæmd sundskyldu í skólum, sem var 25 416 þús. kr. í fjárlögum 1975, skiðakennslu í skólum 500 þús. kr. og til unglíngafraeðslu 600 þús. kr., sem allir eru færðir á lið 1—02—761 Grunnskólar, almennt, námsflokkar 1 200 þús. kr., sem færðar eru á lið 1—02—885 Fullorðinsfræðsla og loks námskeið menntaskólakennara 800 þús. kr., sem færð eru á lið 1—02—310 Menntaskólar almennt. Samtals nema þessar tilfærslur 28 516 þús. kr., og er því hækkun á þeim viðfangsefnum, sem eftir eru, 22 020 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 3 200 þús. kr. vegna kaupa á nýrri símamiðstöð, en mismunurinn, 18 820 þús. kr., stafar af launa- og verðlagshækkunum.
- 201 Háskóli Íslands. Framlag til háskólans hækkar í heild um 104 356 þús. kr. Rekstrarkostnaður eykst um 114 356 þús. kr., þar sem framlag til byggingarframkvæmda lækkar um 10 000 þús. kr. Launaliður hækkar um 95 192 þús. kr. þar af 7 103 þús. kr. vegna nýráðninga, sem eru eftirfarandi: Við yfirstjórn ritari, 842 þús. kr., sem staðsettur verður í nýbyggingu verkfræðideildar, er tekin verður til notkunar á árinu, í heimspekideild lektor í bókasafnsfræðum 1 208 þús. kr. og dósent í frönsku í fullt starf í stað hlutastöðu 890 þús. kr., í verkfræði- og raunvísindadeild prófessor í stærðfræði frá miðju ári 739 þús. kr., dósent í eðlisfræði frá miðju ári, 661 þús. kr., dósent í kerfisfræði frá miðju ári, 661 þús. kr., tækjahirðir 871 þús. kr. og tækja- og dýra-vörður, hálf staða, 448 þús. kr. Loks er gert ráð fyrir ráðningu húsvarðar í verkfræðideildarhúsi, 783 þús. kr. Að öðru leyti hækkar launaliður um 88 089 þús. kr., eða 20,9%, af völdum kjarasamninga og aukinnar stundakennslu, en gert er ráð fyrir, að nemendum fjölgi um nákægt 200 og verði 2700—2800 talsins. Annar rekstrarkostnaður, nettó, eykst um samtals 17 514 þús. kr. eða 21,0%, þar af vegna bókakaupa 1 650 þús. kr. og auk þess verður tekið nýtt hús til notkunar.

Sem fyrr greinir er gert ráð fyrir 10 000 þús. kr. lækkun á framlagi ríkissjóðs til byggingarframkvæmda og verður það 55 000 þús. kr., en hins vegar hækkar áætlað framlag frá Happraetti H. Í. um 84 000 þús. kr. og verður 190 000 þús. kr. Til ráðstöfunar vegna byggingarframkvæmda verða samkvæmt þessu 245 000 þús. kr., sem áætlað er, að skiptist þannig á verkefni í þús. kr.:

Til framkvæmda á Landspítalalóð	140 000
Til að ljúka byggingum á háskólalóð, sem verið hafa í framkvæmd	30 000
Til tækjakaupa	37 500
Til viðhalds húsa, lóða og búnaðar	23 000
Skipulagning lóðar og áætlanagerð	7 000
Húsnæði og búnaður v/nýrra námsbrauta	5 000
Ýmis húsgögn og búnaður	2 500
	<hr/>
	245 000

- 202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Gert er ráð fyrir ráðningu líffræðings við þessa stofnun, 1 128 þús. kr., og laun hækka að öðru leyti um 7 032 þús. kr. vegna kjarasamninga. Aðrir rekstrarliðir hækka um 20 072 þús. kr., en tekjur hækka á móti um 26 616 þús. kr., þannig að nettó-hækkun nemur 1 616 þús. kr.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á liðnum kemur fram 931 þús. kr. lækkun, sem skýrist af því, að framlag til landgrunnsrannsókna, sem var 3 000 þús. kr. í fjárlögum 1975, fellur niður, en eðlilegar launa- og verðlagshækkunar nema 2 069 þús. kr.
- 276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag lækkar um 1 092 þús. kr., sem skýrist þannig að hluti sjóðsins af tekjum Happraættis Háskóla Íslands hækkar um 11 180 þús. kr. og verður 33 000 þús. kr., en ríkissjóðsframlag lækkar um 12 272 þús. kr. og verður 15 728 þús. kr. Til ráðstöfunar verða því 48 728 þús. kr., sem varið verður þannig, að til endurgreiðslu lána renna 25 928 þús. kr., og til að ljúka byggingu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á Keldnaholti 22 800 þús. kr.
- 301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Kostnaður eykst um 17 071 þús. kr., sem skýrist af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu konrektors, 1 321 þús. kr.
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Kostnaðaraukning nemur 18 487 þús. kr., þar af 895 þús. kr. vegna ráðningar vistavardar, 2 850 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu og 14 742 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana og aukningar kennslu, þar sem sett verður á fót öldungadeild við skólann.
- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Framlag hækkar um 2 483 þús. kr., sem skýrist þannig, að rekstrarkostnaður eykst um 4 933 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, en stofnkostnaður lækkar um 2 450 þús. kr. og verður 8 550 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir 6 000 þús. kr. til byggingar kennaraíbúða, 2 000 þús. kr. til endurbóta á nemendabústað og 550 þús. kr. til stofnbúnaðar og frágangs á lóð.
- 306 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Kostnaður eykst um 26 630 þús. kr. Rekstrarkostnaður hækkar um 30 030 þús. kr., þar af ráðning húsvardar 720 þús. kr. og aukning af völdum launa- og verðlagshækkana auk fjölgunar bekkjardeilda og aukins húsrýmis, 29 310 þús. kr., en skólinn flyzt að fullu í Vogaskóla. Stofnkostnaður lækkar um 3 400 þús. kr. og verður 7 600 þús. kr. til breytinga á húsnæði og kaupa á búnaði.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Á þessum lið kemur fram 46 729 þús. kr. lækkun, vegna þess að framlag til byggingarframkvæmda, sem var 62 000 þús. kr. í fjárlögum 1975, fellur niður, þar sem gert er ráð fyrir hléi á byggingarframkvæmdum við skólann á næsta ári. Rekstrarkostnaður eykst því um 15 271 þús. kr., sem stafar af launa- og verðlagshækkunum og aukningu á húsrými, auk þess sem gert er ráð fyrir launum fulltrúa í fullu starfi í stað hálfis áður, 465 þús. kr.
- 307 **Menntaskóli á Austurlandi, bygging.** Framlag hækkar um 27 000 þús. kr. og verður 57 000 þús. kr., sem ætlað er að renni til áframhalds byggingar á heimavist, en framkvæmdir hófust haustið 1975.
- 308 **Menntaskóli í Kópavogi.** Hækkun á þessum lið er 9 375 þús. kr. Rekstrarkostnaður eykst um 10 625 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu húsvardar, 720 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag lækkar um 1 250 þús. kr. og verður 4 750 þús. kr., sem ætlað er til undirbúnings byggingarframkvæmda.

- 310 **Menntaskólar, almennt.** Hér kemur fram 10 318 þús. kr. hækkun, þar af 800 þús. kr. vegna námskeiða menntaskólakennara, sem flutt eru af aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, eða óbreytt frá fjárlögum 1975. Þá er tekinn upp nýr liður, forfallakennsla í menntaskólum, 5 000 þús. kr., viðhaldsliður hækkar um 1 612 þús. kr., kaup á búnaði um 1 923 þús. kr., og aðrir liðir hækka um 983 þús. kr. nettó.
- 315 **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.** Mjög veruleg hækkun verður á þessum lið, eða 31 849 þús. kr., og er orsök sú, að skólinn mun nú starfa allt árið, en starfsemi hefst haustið 1975 og fjárveiting í fjárlögum þess árs miðast við það.
- 316 **Flensborg, fjölbrautaskóli.** Framlag til þessa liðar hækkar um 29 533 þús. kr. Auk almennra launa- og verðlagshækkana á hækkunin rætur að rekja til þess, að verulegur kostnaður er nú fluttur af rekstri grunnskóla í samræmi við breytt hlutverk skólans, en í fjárlögum 1975 var framlagið takmarkað við menntaskólakennslu.
- 321 **Kennaraháskóli Íslands.** Kostnaður við kennaraháskólann eykst um 19 869 þús. kr. Hækkun launaliðar nemur 14 656 þús. kr., þar af ráðning lektors í sagnfræði 1 208 þús. kr., lektors í stærðfræði 1 208 þús. kr. og prófessors í stað lektors í eðlisfræði 270 þús. kr. Hækkun annars rekstrarkostnaðar er 5 213 þús. kr., þar af viðhald 943 þús. kr., ýmis búnaður 300 þús. kr. og aðrir liðir samtals 3 970 þús. kr.
- 431 **Iðnfræðsluráð.** Framlag hækkar um 3 475 þús. kr., og stafar sú hækkun af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, en ástæða er til að vekja athygli á, að kostnaður við námsskrárgerð á verkfræðslustigi er áætlaður 7 000 þús. kr., sem er 1 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1975.
- 501 **Tækniskóli Íslands.** Hækkun á þessum lið nemur 35 397 þús. kr. þar af rekstur 24 897 þús. kr., sem skýrist af ráðningu húsvardar 959 þús. kr. og stórauðni húsnæði, en starfsemi skólans verður flutt haustið 1975 í leiguhúsnæði að Höfðabakka. Að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkanir og aukna kennslu. Stofnkostnaðarframlag hækkar um 10 500 þús. kr. og verður 28 500 þús. kr., sem varið verður til innréttinga á húsnæði.
- 506 **Vélskóli Íslands.** Kostnaður eykst um samtals 17 119 þús. kr., þar af 8 628 þús. kr. vegna starfseminnar í Reykjavík og 8 491 þús. kr. vegna starfsemi utan Reykjavíkur.
- 516 **Iðnskólar, almennt.** Hér er um að ræða framlag til stofnkostnaðar, sem er 32 300 þús. kr., eða 1 700 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1975, og til viðhalds, sem er 5 824 þús. kr., og er það 3 824 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1975.
- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Liðurinn hækkar um 34 571 þús. kr., og er það því nær tvöföldun frá fjárlögum 1975. Skýring er sú, að tillögur hlutaðeigandi til fjárlaga 1975 voru mjög síðbúnar og fjárveiting nánast óraunhæf, eins og nú kemur í ljós.
- 522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Framlag hækkar um 6 490 þús. kr., eða því nær 77%, sem er langt umfram meðaltalshækkun kostnaðar í ríkisstofnunum. Skýringin er að hluta hin sama og við næsta fjárlagalið hér að framan, en auk þess eykst húsnæðiskostnaður verulega vegna flutnings í leiguhúsnæði. Áður var skólinn rekinn í húsnæði Borgarspítalans.
- 553 **Hússtjórnarskólar.** Að tillögu menntamálaráðuneytisins eru framlög til rekstrar húsmæðraskóla nú sett fram óskipt undir þessum lið. Kostnaður eykst um 4 018 þús. kr., en samkvæmt nýjum lögum ber ríkissjóður nú allan kostnað af hússtjórnarskólum.

- 563 **Til tónlistarfræðslu.** Hér er um að ræða viðfangsefni, sem áður hafa verið færð undir liðinn listir, framlög. Hækka framlög þessi um 21 488 þús. kr., þar af til tónlistarskóla 19 453 þús. kr., en ný lög hafa verið sett um þessa skóla, sem auka hlut ríkisins verulega. Ennfremur hækkar framlag til Barnamúsikskólans um 2 185 þús. kr., en framlag til byggingar Tónlistarskólans og Barnamúsikskólans lækkar um 150 þús. kr. frá fjárlögum 1975.
- 581 **Verzlunarskólar.** Framlag til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 4 896 þús. kr. og til Samvinnuskólans um 2 417 þús. kr., en framlag til Bréfaskóla SÍS og ASÍ, sem var 1 200 þús. kr. í fjárlögum 1975, er nú flutt á liðinn fullorðinsfræðsla, þannig að nettóhækkun á þessum lið er 6 113 þús. kr.
- 608 **Héraðsskólar, almennt.** Liðurinn hækkar um 1 452 þús. kr., þar af viðhald 4 802 þús. kr., en stofnkostnaður lækkar um 3 350 þús. kr. Byggingarframlög verða í heild 120 650 þús. kr., og skiptast þannig á einstaka skóla í þús. kr.:

Reykholt	19 000
Núpur	7 500
Reykjanes	7 650
Reykir	38 000
Laugar	31 000
Eiðar	9 500
Skógar	5 000
Laugarvatn	3 000

Samtals 120 650

Í Reykholti eru 7 500 þús. kr. ætlaðar til að ljúka byggingum, sem verið hafa í framkvæmd, 10 000 þús. kr. til að hefja breytingar á gamla skólahúsinu og 1 500 þús. kr. til kaupa á ýmsum búnaði. Á Núpi er ráðgert að verja 6 000 þús. kr. til að ljúka ýmsum smærri framkvæmdum og 1 500 þús. kr. til undirbúnings breytinga á gamla skólahúsinu. Á Reykjanesi renna 6 500 þús. kr. til að ljúka nýbyggingu og 1 150 þús. kr. til undirbúnings ýmissa endurbóta. Á Reykjum verður varið 38 000 þús. kr. til að ljúka byggingu kennsluhúss. Á Laugum verður varið 31 000 þús. kr. til byggingar íþróttahúss, og miðast sú fjárveiting við lúkningu á þremur árum. Á Eiðum er ætlað að verja 5 000 þús. kr. til að ljúka við kennarabústað og 4 500 þús. kr. til endurbóta á húsum. Á Skógum eru áætlaðar 5 000 þús. kr. til að ljúka byggingu skólastjórabústaðar, og loks er fjárveiting til Laugarvatns 3 000 þús. kr. til ýmissa endurbóta.

- 717 **Grunnskólar, rekstur.** Kostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 402 748 þús. kr., sem kemur þannig fram, að launaliður hækkar um 419 591 þús. kr., eða 19,5%, en önnur rekstrargjöld lækka um 16 843 þús. kr. eða 19,2%, fyrst fyrst og fremst vegna þess, að kostnaður hefur flutzt á aðra liði, þ. e. Flensborg, fjölbrautarskóla, og kennslu afbrigðilegra barna. Launahækkunin er nokkuð undir meðaltalshækkun samkvæmt kjarasamningum, og skýrist af framangreindum flutningi á aðra liði og þeirri 50 000 þús. kr. lækkun á skóla-kostnaði, sem stefnt er að og gerð er grein fyrir framar í þessum athuga-semdum.
- 761 **Grunnskólar, almennt.** Á þessum lið kemur fram 169 926 þús. kr. hækkun, þar af flutningur viðfangsefna af aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins 37 250 þús. kr., þ. e. sundskylda í skólum 36 205 þús. kr., hækkun frá fjárlögum 1975 10 789 þús. kr., skíðakennsla í skólum 475 þús. kr. og til unglingafræðslu 570 þús. kr. Að öðru leyti nemur nettóhækkun á liðnum 132 676 þús. kr., sem kemur þannig fram: Stofnanir afbrigðilegra barna 78 066 þús. kr. (flutn-

- ingur af grunnskólum, dagheimilum fyrir fjölfötluð börn og aukning), aksturskostnaður vegna skólasóknar 34 645 þús. kr., viðhald 16 880 þús. kr. (9,8%), laun kennara, sem orlof fá, 3 700 þús. kr. og yfirvinnubóknun skólustjóra 2 000 þús. kr., en lækun verður á liðunum greiðslur fyrir forfallakennslu 2 432 þús. kr. og stjórnskipaðir prófdómarar 183 þús. kr.
- 762 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólustjóra. Liðurinn er óbreyttur frá fjárlögum 1975 eða samtals 1 019 164 þús. kr. Sem venja er verður fjárhæðinni skipt á einstaka skóla og íbúðir í meðförum þingsins.
- 763 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn. Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið og fjárveiting áætluð 4 750 þús. kr., en sérstök fjárhæð var tekin upp á heimildargrein fjárlaga 1975 í þessu skyni.
- 803 Dagvistunarheimili. Framlag hækkar um 69 752 þús. kr., þar af rekstur 61 452 þús. kr. og byggingarframlag 8 300 þús. kr. Verður með því veitt samtals 68 400 þús. kr. til byggingar dagheimila.
- 871 Upptökuheimilið í Kópavogi. Hækkun á þessum lið nemur 4 746 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu fjögurra gæslumanna, 2 432 þús. kr., en jafnframt verður dregið verulega úr yfirvinnu. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkningar.
- 872 Lánasjóður íslenzkra námsmanna. Framlag til sjóðsins hækkar um 127 500 þús. kr. Með þessari aukningu verður framlag ríkissjóðs í heild 807 500 þús. kr., og með ráðgerðri 100 000 þús. kr. Lántöku ásamt eigin tekjum sjóðsins, sem eru áætlaðar 18 000 þús. kr., verða til ráðstöfunar í lánveitingar og styrki samtals 854 000 þús. kr. á árinu 1976. Nefnd vinnur nú að endurskoðun laga og reglna um starfsemi lánasjóðsins.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög. Þessi framlög hækka um 883 þús. kr., þar af styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum 345 þús. kr., félagsstofnun stúdenta 100 þús. kr., íslensk-ensk orðabók 350 þús. kr. og Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr. Á öðrum liðum verður 12 þús. kr. lækun.
- 885 Fullorðinsfræðsla. Hér er um að ræða nýjan lið á fjárlögum, og undir hann færð tvö viðfangsefni, sem voru undir öðrum fjárlagaliðum áður, þ. e. Bréfaskólinn (áður Bréfaskóli SÍs og ASÍ) 1 200 þús. kr. og námsflokkar 1 200 þús. kr., eða óbreytt frá fjárlögum 1975.
- 901 Landsbókasafn. Kostnaður eykst um 6 135 þús. kr., sem er afleiðing eðlilegra launa- og verðlagshækkana að öðru leyti en því, að inn er tekið sérstakt framlag vegna bókaþjafa til Manitobaháskóla 285 þús. kr., og framlag til almennra bókaþjafa safnsins hækkar um 1 050 þús. kr.
- 907 Listasafn Íslands. Þessi liður hækkar um 12 332 þús. kr., þar af rekstur 3 082 þús. kr. af eðlilegum orsökum, og byggingarframlag 9 250 þús. kr. og verður í heild 14 250 þús. kr. Er með því ráðgert að hefja framkvæmdir við húseign safnsins við Fríkirkjuveg.
- 981 Almenningsbókasöfn. Framlag hækkar um 910 þús. kr. vegna Rithöfundasjóðs Íslands, en aðrir liðir lækka um 445 þús. kr.
- 982 Listir, framlög. Á liðnum kemur fram 44 963 þús. kr. lækun, þar af vegna tilflutnings á lið 563 hér að framan 55 253 þús. kr., en að öðru leyti verður 10 290 þús. kr. nettóhækkun á liðnum, sem kemur þannig fram: Framlag til launasjóðs rithöfunda hækkar um 8 615 þús. kr. skv. nýjum lagaákvæðum og til Leiklistarskóla Íslands um 2 450 þús. kr., framlag til listahátíðar lækkar um 175 þús. kr., en niður falla styrkir til tónlistarskóla í Árnessýslu og Garðahreppi vegna stofnkostnaðar, samtals 600 þús. kr.

- 984 **Norræn samvinna.** Framlög hækka um samtals 2 590 þús. kr., þar af hlutur Íslands í norrænum menningarfjárlögum 2 119 þús. kr., til norræns samstarfs 350 þús. kr., til norrænu tölfraeðistofnunarinnar 91 þús. kr. og til norræna vatnafræðifélagsins vegna ráðstefnuhalds á Íslandi 100 þús. kr., en framlag til Norræna hússins lækkar um 70 þús. kr.
- 986 **Íþróttasjóður.** Framlög til sjóðsins hækka um samtals 15 068 þús. kr., þar af rekstrarstyrkir 1 550 þús. kr. og byggingarframlög 13 518 þús. kr. og verða þau samtals 67 450 þús. kr. Sundurliðun byggingarframlaganna er sem hér segir: Þriðja greiðsla af fjórum vegna íþróttamannvirkja, sem samþykkt voru á fjárlögum 1973 32 000 þús. kr., önnur greiðsla af fjórum samþ. 1974 20 000 þús. kr., fyrsta greiðsla af fjórum samþ. 1975 11 450 þús. kr. og til nýrra íþróttamannvirkja 4 000 þús. kr.
- 987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Hækkun á þessum lið er 325 þús. kr. og verður í heild 3 325 þús. kr.
- 988 **Æskulýðsmál.** Framlag til Æskulýðssambands Íslands, sem var 400 þús. kr. í fjárlögum 1975, er nú fært yfir á Æskulýðsráð ríkisins, og er ætlað til að ráðið fjalli um ráðstöfun þessarar fjárveitingar.
- 989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag hækkar um 265 þús. kr. og kemur þannig fram, að inn er tekin sérstök fjárveiting til KSÍ vegna þjálfaranámskeiðs en framlag til ÍSÍ, þ. e. hluti vindlingagjalds, lækkar um 35 þús. kr.
- 991 **Húsafriðunarsjóður.** Þetta er nýr liður á fjárlögum, og er fjárveiting 4 116 þús. kr. skv. nýjum lögum, en framlagið miðast við 20 kr. á hvern íbúa landsins, að frádregnum 5%.
- 999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið hækka um 593 þús. kr., sem kemur þannig fram, að styrkur til Lögbergs-Heimskringlu hækkar um 810 þús. kr. og til Northern Scholars Committee um 20 þús. kr., en niður falla liðirnir heimsókn danskra kennara 200 þús. kr. og Blindrafélagið vegna rekstrar skóla 37 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins hækkar um 23 712 þús. kr. Launaliður á yfirstjórn hækkar um 8 924 þús. kr., þar af ráðning fulltrúa 1 208 þús. kr., tilfærsla sendiherra á aðalskrifstofuna 1 684 þús. kr., og 6 032 þús. kr. eru eðlilegar launahækkunir. Annar rekstrarkostnaður á yfirstjórn hækkar um 9 387 þús. kr. vegna verðlagshækkana. Einstök viðfangsefni utan yfirstjórnar hækka sem hér segir: Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum 3 162 þús. kr., til kjöræðismanna 183 þús. kr., til upplýsinga- og kynningarstarfsemi 1 760 þús. kr. og kostnaður vegna samninga við erlend ríki 296 þús. kr.
- 301—312 **Sendiráðin.** Kostnaður við sendiráðin hækkar um samtals 100 061 þús. kr. Launaliður hækkar um samtals 80 341 þús. kr., og er þá einungis gert ráð fyrir aukningu um ritara í Osló 1 110 þús. kr., en á móti fellur niður hálf staða sendifulltrúa í London 1 238 þús. kr. Aðrar orsakir hækkunar eru grunnkaupshækkunir í samræmi við kjarasamninga, gengisbreytingar, hækkunir á launum starfsfólks með hliðsjón af verðlagshækkunum í viðkomandi löndum og hækkun á húsaleigu íslenzks starfsfólks, sem innifalið er í launalið. Skipting hækkunar launaliðs er þannig í þús. kr.:

Nýráðningar	÷128
Grunnkaupshækkarnir	5 903
Gengisbreytingar	54 137
Íslenskt starfsfólk v/vísitölu	14 509
Erl. starfsfólk	3 645
Húsaleiga	2 275

Samtals 80 341

Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar hjá sendiráðunum um 27 499 þús. kr., sem er eðlileg afleiðing gengisbreytinga og verðhækkana erlendis, viðhaldsliður hækkar um 5 753 þús. kr., einkum vegna gagngerðra endurbóta á sendiherrabústað í Washington, en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 13 532 þús. kr., þar sem niður fellur framlag til viðgerða og viðbyggingar sendiráðsins í Bonn.

- 399 Ýmis utanríkismál. Framlag hækkar um 2 500 þús. kr. vegna aðstoðar við þróunarlöndin í samræmi við gerðar skuldbindingar.
- 401 Alþjóðastofnanir. Heildarhækkun á þessum lið nemur 35 489 þús. kr., og eru eftirfarandi liðir þar þyngstir á metunum: Tillag til Atlantshafsbandalagsins 5 048 þús. kr., til S.þ. 4 405 þús. kr., til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) 4 095 þús. kr., til OECD 3 468 þús. kr., til þróunaraðstoðar S.þ. 3 255 þús. kr., til EFTA 2 866 þús. kr., til Evrópuráðsins 1 926 þús. kr. og til alþjóða haf-rannsóknna 1 855 þús. kr. Þá er tekinn inn einn nýr liður, alþjóðasamband um byggingaskipulag 40 þús. kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 8 531 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

- 171 Jarðeignir ríkisins. Á þessum lið verður 6 265 þús. kr. hækkun, og verður framlagið í heild 23 560 þús. kr. Kostnaður við ábúendaskipti eykst um 4 165 þús. kr. og verður 8 730 þús. kr., vegna skuldar við jarðeignasjóð 2 000 þús. kr. og vegna ýmissa greiðslna, þ. á m. fasteignagjalda, 2 570 þús. kr. og verða þær samtals 4 500 þús. kr., en framlag til nýbygginga lækkar um 2 470 þús. kr. og verður 8 330 þús. kr.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hækkun kostnaðar við þessa stofnun verður 36 680 þús. kr., þar af vegna verðtryggingar fjárveitinga til landgræðsluáætlunar 4 389 þús. kr. Aðrar hækkarnir, 32 291 þús. kr., eru af völdum kjarasamninga og verðlagshækkana.
- 231 Skógrækt ríkisins. Framlag hækkar um 25 785 þús. kr., þar af 10 247 þús. kr. vegna verðtryggingar fjárveitinga til landgræðsluáætlunar. Þá er gert ráð fyrir ráðningu sérfræðings að Mógilsá, 1 208 þús. kr., og skógarvarðar í hálfu starfi, 465 þús. kr. Enn fremur hækkar styrkur til Skógræktarfélags Íslands um 1 800 þús. kr. og til skógræðslu einstaklinga um 440 þús. kr. Aðrar hækkarnir, 11 625 þús. kr., stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 235 Landgræðsla. Liður þessi hækkar um 73 507 þús. kr., þar af 72 675 þús. kr. vegna þeirrar ákvörðunar að verðbæta fjárveitingar skv. landgræðsluáætlun. Aðrar hækkarnir, 832 þús. kr., eru eðlilegar rekstrarkostnaðarhækkarnir.
- 236 Fóður- og fræfingisáætlun í Gunnarsholti. Framlag hækkar um 3 500 þús. kr. og verður 9 500 þús. kr. til greiðslu skulda.

- 241 Landnám ríkisins. Hækkun nemur 1 341 þús. kr., þar af 2 250 þús. kr. til byggingar íbúðarhúsa og 1 641 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, en 2 550 þús. kr. lækkun verður á öðrum viðfangsefnum vegna almennrar 5% lækkunar.
- 247 Embætti yfirdýralæknis. Á þessum lið verður 13 158 þús. kr. hækkun, þar af laun dýralæknis við holdanautastöð í Hrísey 1 208 þús. kr., kostnaður við starfsemi héraðsdýralækna 2 900 þús. kr., bygging dýralæknisbústaða 5 300 þús. kr. og aðrar rekstrarhækkanir nema samtals 3 750 þús. kr.
- 286 Landbúnaður, framlög. Þessi framlög hækka um samtals 423 873 þús. kr., þar af útflutningsuppbætur 174 000 þús. kr., stofnlánadeild landbúnaðarins 91 550 þús. kr., til búfjárræktar skv. lögum 16 455 þús. kr., Framleiðnisjóður landbúnaðarins 3 250 þús. kr., veðdeild Búnaðarbankans 1 400 þús. kr. og loks jarðræktarframlög 138 783 þús. kr. Aðrir liðir lækka um 1 565 þús. kr. Jarðræktarframlög úr ríkissjóði verða samtals 374 993 þús. kr. og skiptast þannig eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

Vatnsveitur	67 500
Plógræsi	10 800
Önnur jarðrækt	130 500
Byggingarframkvæmdir	133 200
Héraðsráðunautar	32 993

Samkvæmt jarðræktarlögum (79/1972) greiðir ríkissjóður 50% kostnaðar við vatnsveitur og 75% kostnaðar við plógræsi. Framlög vegna annarrar jarðræktar og byggingarframkvæmda eru háð breytingum á visitölu framkvæmda kostnaðar skv. 12. gr. laganna. Framangreind áætlun er 38 000 þús. kr. lægri en tillögur landbúnaðarráðuneytisins, og er sú lækkun gerð á þeirri forsendu, að hafin verði endurskoðun jarðræktarlaga m. a. í þeim tilgangi að takmarka styrkhæfi við landbúnað sem aðalatvinnu og vissa bústærð.

- 299 Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála. Þessi liður lækkar um 484 þús. kr., sem skýrist þannig, að verðbætur á framlag skv. landgræðsluáætlun nema 4 516 þús. kr., framlag til holdanautastöðvar lækkar um 1 000 þús. kr., en framlög til búnaðarsambanda Norðurlands og Suðurlands til kaupa á heyköggla-verksmiðjum, sem voru samtals 4 000 þús. kr. í fjárlögum 1975, falla niður.
- 501 Bændaskólinn á Hvanneyri. Kostnaður eykst um 7 382 þús. kr., þar af almennur rekstur 2 932 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana og byggingarframlag 4 450 þús. kr. og verður í heild 33 950 þús. kr. Skipting þessa framkvæmdafjár er þannig, að 8 000 þús. kr. renna til að ljúka framkvæmdum frá 1975, 14 200 þús. kr. til að fullgera kjallara með kennsluáðstöðu og nemendavistum, 3 500 þús. kr. til að ljúka frágangi heimavistarhúss, sem þegar hefur verið í notkun og 8 250 þús. kr. til viðgerða á eldra húsi o. fl.
- 503 Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Hækkun á þessum lið nemur 11 402 þús. kr., þar af eðlilegar hækkanir á rekstrarkostnaði 6 452 þús. kr., og byggingarframlag 4 950 þús. kr., sem verður í heild 10 450 þús. kr. Er þar um að ræða 4 000 þús. kr. til að ljúka framkvæmdum, sem verið hafa í gangi, 5 450 þús. kr. til að hefja framkvæmdir við heimavistarálmu og 1 000 þús. kr. til endurbóta á gróðurhúsum.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

- 202 **Hafrannsóknastofnun.** Framlag hækkar um 53 419 þús. kr. Gert er ráð fyrir að koma á fót útibúi frá stofnuninni á Ísafirði og kostnaður við það áætlaður 3 180 þús. kr., viðbótarkostnaður vegna leiguskipis nemur 5 700 þús. kr., aukning á viðhaldi tveggja skipa vegna flokkunarviðgerðar 9 996 þús. kr., vegna tækja-kaupa 4 101 þús. kr. og afgangur hækkunarinnar, 30 442 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Hækkun á liðnum er 14 941 þús. kr., þar af kostnaður við að koma á fót útibúi á Neskaupstað 2 850 þús. kr., en annað eru verðlagshækkanir á rekstrarkostnaði.
- 274 **Aflatryggingasjóður.** Ríkissjóðsframlag á móti útflutningsgjaldi hækkar um 11 401 þús. kr. og verður í heild 113 691 þús. kr. Heildartekjur sjóðsins eru áætlaðar 1 144 916 þús. kr.
- 299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Á þessum lið verður 65 961 þús. kr. hækkun, sem kemur þannig fram á einstökum viðfangsefnum: Fiskveiðisjóður, mótframlag, 69 750 þús. kr. (miðað við gildandi lög, sem falla úr gildi um næstu áramót, að frádregnum 5%), athugun á notkun svartolíu í dísilskipum 2 350 þús. kr., norræn fiskimálaráðstefna hérlendis 1 425 þús. kr., veiðieftirlit 678 þús. kr., eftirlit með vinnslustöðvum 24 þús. kr., en niður fellur framlag til sjóvinnu-námskeiða 2 936 þús. kr. og lækkun á öðrum liðum nemur samtals 5 330 þús. kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Hér er tekið inn framlag að fjárhæð 12 195 þús. kr., sem rennur til greiðslu skulda, sem stofnað hefur verið til af embættinu í sambandi við framkvæmdir við lögreglustöðvarhúsið.
- 212—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarkostnaður við embættin eykst um 192 814 þús. kr., eða 34,8%. Skiptist hækkunin þannig á útgjalda-tegundir, að laun hækka um 138 534 þús. kr. eða 32,8%, önnur rekstrargjöld um 42 617 þús. kr. eða 40,3%, viðhald um 3 510 þús. kr. eða 36,0% og gjald-færður stofnkostnaður um 11 184 þús. kr. Eigin tekjur embættanna hækka um 3 031 þús. kr. Um launaliðinn er það að segja, að einungis er gert ráð fyrir aukningu um fulltrúa í hlutastarf í umboðsskrifstofu í Grindavík, en megin-skýring hækkunarinnar, fyrir utan áhrif kjarasamninga, er aukning löggæzlu-kostnaðar, og er þá höfð hliðsjón af reikningstölum ársins 1974. Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar fyrst og fremst vegna löggæzlu, en löggæzlukostnaður virðist almennt hafa farið nokkuð úr böndum miðað við fjárlagaáætlun á undanförunum árum. Hækkun sú, sem hér um ræðir, er þó ekki í samræmi við tillögur, enda gert ráð fyrir sérstökum aðhaldsaðgerðum vegna rekstrar-kostnaðar embættanna á næsta ári. Hækkun á öðrum gjaldaliðum skýrist að verulegu leyti af verðlagshækkunum, en stofnkostnaðaraukning á þó einkum rætur að rekja til fjárveitingar til að ljúka framkvæmdum við skrifstofubyggingu embættisins í Keflavík, 5 795 þús. kr., þannig að á öðrum stöðum kemur fram 3 069 þús. kr. nettólækkun á stofnkostnaði.
- 251 **Landhelgisgæzla.** Kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 223 558 þús. kr. og verður samtals 863 433 þús. kr. Launaliður hækkar um 50 241 þús. kr., þar af vegna þriggja nýrra staða 7 024 þús. kr., þ. e. skipherra, stýrimaður og loft-skeytamaður í fluggæzlu vegna fyrirhugaðrar aukningar á rekstri, og önnur hækkun, 43 217 þús. kr., er afleiðing kjarasamninga. Önnur rekstrargjöld hækka

um 122 974 þús. kr., eða 50,4%. Auk verðlagshækkana, koma hér til aukin umsvif í sambandi við útfærslu landhelginnar. Viðhaldsliður hækkar um 40 330 þús. kr., eða 58,8%, þar af 25 583 þús. kr. vegna fluggæzlu, en tvær flugvélar munu fara í meiri háttar reglubundna skoðun á árinu, viðhald skipa 14 028 þús. kr. og viðhald tækja í landi 719 þús. kr. Stofnkostnaður eykst um 13 320 þús. kr. vegna ýmissa tækjakaupa, en framlag til landhelgissjóðs lækkar um 3 307 þús. kr. Á þessu stigi er gert ráð fyrir, að einungis lánaendurgreiðslur vegna Ægis falli á sjóðinn, en önnur lán endurgreiðist beint úr ríkissjóði. Er þetta mál í nánari athugun.

- 252 **Bifreiðaeftirlit.** Kostnaður við bifreiðaeftirlitið hækkar um 18 908 þús. kr., þar af rekstur 7 996 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, og stofnkostnaðar 10 912 þús. kr. Stofnkostnaður verður í heild 19 012 þús. kr., þar af tækjakaup 6 912 þús. kr., skoðunarstöð í Reykjavík 11 000 þús. kr. og innréttingar skoðunarstöðvar á Blönduósi 1 100 þús. kr.
- 254 **Sjólmælingar og sjókortagerð.** Framlag hækkar um 5 355 þús. kr., sem er nokkru hærra hlutfallslega en nemur meðaltalshækkun hjá ríkisstofnunum, og er skýringin fólgin í aukinni sjókortagerð í tengslum við útfærslu landhelginnar.
- 301 **Þjóðkirkjan.** Kostnaðarauki vegna þjóðkirkjunnar er 58 948 þús. kr. Launaliður hækkar um 36 501 þús. kr., þar af 1 208 þús. kr. vegna nýs prests í Njarðvík og 35 293 þús. kr. vegna kjarasamninganna. Framlag til bygginga á prestsetrum hækkar um 4 250 þús. kr., til útihúsa á prestsetrum um 425 þús. kr., til Hallgrímskirkju um 750 þús. kr., til Hóla í Hjaltadal um 1 200 þús. kr., til viðhalds embættisbústaða 3 016 þús. kr., til norræns biskupafundar hérlendis 238 þús. kr., og aðrar hækkanir, fyrst og fremst vegna verðlagshækkana, nema 12 568 þús. kr.
- 371 **Kirkjubyggingasjóður.** Framlag hækkar um 1 500 þús. kr. og verður alls 9 500 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneytið.

- 271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun nemur alls 411 830 þús. kr., þ. e. hluti byggingarsjóðs ríkisins í launaskatti 387 000 þús. kr., byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 28 280 þús. kr. Framlag vegna heilsuspillandi húsnæðis lækkar um 900 þús. kr. eða 5%, og niður fellur sérstakt framlag vegna launa húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra, 2 550 þús. kr. Er þá miðað við, að lögum verði breytt á þann veg, að kostnaður þessi greiðist af tekjum byggingarsjóðs.
- 272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag lækkar um 55 000 þús. kr., og er skýringin sú, að út er runninn fjögurra ára greiðslusamningur byggingarsjóðsins og Reykjavíkurborgar, en á þessu stigi liggja ekki fyrir upplýsingar um framhald málsins. Auk þess kemur til 5% lækkun skv. væntanlegri löggjöf.
- 371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag hækkar um 7 250 þús. kr. og verður 52 250 þús. kr., eða 2½% af áætluðum tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að frádrögnum 5%.
- 399 **Sveitarfélög, framlög.** Hækkun nemur 625 þús. kr., sem skýrist þannig, að áætlaður kostnaður við heimilishjálp skv. lögum hækkar um 5 200 þús. kr. og við vinnumiðlun um 1 300 þús. kr., en framlög til vatnsveitna lækka um 5 875 þús. kr. og verða í heild 26 125 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að 7 125 þús. kr. renni til Vestmannaeyja.

- 981 Vinnumál. Á þessum lið kemur fram 5 182 þús. kr. hækkun, þar af stuðningur við hagræðingarstarfsemi og hagfræðilegar rannsóknir aðila vinnumarkaðarins, 1 698 þús. kr., ríkisábyrgð vegna gjaldþrota 1 193 þús. kr., orlofsheimili verkalyðsfélaga 1 000 þús. kr., sáttanefndir í vinnudeilum 943 þús. kr., félagsdómur 592 þús. kr., en aðrir liðir lækka um samtals 244 þús. kr.
- 999 Ýmis framlög. Þessi framlög lækka um samtals 14 960 þús. kr., og skiptist hækkunin þannig, að 13 160 þús. kr. eru vegna meðlaga, 1 765 þús. kr. vegna tilkynningarskyldu á vegum SVFÍ og 285 þús. kr. vegna ráðstefnuhalds á vegum Sjálfsbjargar, en niður fellur 250 þús. kr. fjárveiting vegna ráðstefnuhalds félagsráðgjafa.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 8 953 þús. kr., þar af 751 þús. kr. vegna ráðningar ritara, sem staðsettur verður í nýju leiguhúsnæði lyfjamáladeildar, embættis skólayfirlæknis og nokkurra nefnda á vegum ráðuneytisins. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkunir.
- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið renna til slysatrygginga, lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Samtals nemur hækkun þessara framlaga 3 200 960 þús. kr., þ. e. 5 200 960 þús. kr. miðað við óbreytt lög og reglur að frádregnum 2 000 000 þús. kr. vegna fyrirhugaðra kerfisbreytinga, sem nú er að unnið og gerð er grein fyrir framar í þessum athugasemdum. Af heildarhækkuninni koma 2 609 260 þús. kr. á ríkissjóð og 591 700 þús. kr. á atvinnurekendur, þ. e. iðgjöld vegna slysatrygginga 73 500 þús. kr. og vegna lífeyristrygginga 518 200 þús. kr. Er þessi skipting heildarframlags sýnd á eftirfarandi yfirliti ásamt samanburði við fjárlög 1975 í þús. kr.:

Almannatryggingar 1975 og 1976.

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun
Slysatryggingar	479 000	552 500	73 500
Lífeyristryggingar	6 967 100	9 446 000	2 478 900
(Þar af atvinnurekendur)	(803 800)	(1 322 000)	(518 200)
Sjúkratryggingar	6 543 440	9 192 000	2 648 560
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	13 989 540	19 190 500	5 200 960
Frá dregst ráðgerð lækkun		2 000 000	2 000 000
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	13 989 540	17 190 500	3 200 960
Þar af hluti atvinnurek.	1 282 800	1 874 500	591 700
Hluti ríkissjóðs	12 706 740	15 316 000	2 609 260

Við þennan samanburð ber þess að gæta, að með lögum nr. 11/1975 voru fjölskyldubætur sameinaðar tekjuskattskerfinu og koma þar af leiðandi ekki fram í útgjaldaáætlun lífeyristrygginga árið 1976. Fjölskyldubótageiðslur lífeyristrygginga voru í fjárlögum 1975 áætlaðar 870 000 þús. kr., og er heildarhækkun annarra bóta því þessari fjárhæð hærri en tölurnar hér að framan gefa til kynna.

Frá samþykkt fjárlaga 1975 hafa verið gerðar ráðstafanir, sem leitt hafa til aukinna útgjalda almannatrygginganna, eða sem hér segir. Í apríl voru lífeyristryggingar hækkaðar um 9% og tekjutrygging elli- og örorkuþega að

meðaltali um 40%. Jafnframt voru fjölskyldubætur felldar inn í tekjuskattskerfið. Aftur voru almennar lífeyrisbætur hækkaðar um 11% í júlí og tekjuþryggingarviðmiðun einnig um 11% frá sama tíma. Daggjöld á sjúkrahúsum, og þar með framlög til sjúkratrygginganna, hafa verið hækkuð tvisvar frá samþykkt fjárlaga, eða um 7,4% að meðaltali frá 1. maí og um 6,5% frá 1. júlí auk halladaggjalda. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd áætlun um helstu liði lífeyristrygginganna árið 1976 ásamt samanburði við fjárlög 1975 miðað við gildandi lög og reglur, en ekki er á þessu stigi vitað, hvernig ráðgerð lækkun framlaga til almennatrygginga skiptist á lífeyristryggingar og sjúkratryggingar og á einstaka liði innan hvors flokks.

Lífeyristryggingar 1975 og 1976.
(í millj. kr.)

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun
Ellilífeyrir	3 764	5 934	2 170
Örorkulífeyrir	953	1 480	527
Örorkustyrkur	244	336	92
Barnalífeyrir	335	457	122
Mæðralaun	217	361	144
Fæðingarstyrkur	147	247	100
Ekkjubætur og lífeyrir	215	306	91
Fjölskyldubætur	870	—	÷870
Bætur samtals	6 745	9 121	2 376
Kostnaður	90	140	50
Til varasjóðs	132	185	53
Gjöld samtals	6 967	9 446	2 479
Þar af hluti ríkissjóðs	6 163	8 124	1 961
Hluti atvinnurekenda	804	1 322	518

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga hækkar samkvæmt gildandi lögum og reglum um 2 648 560 þús. kr. Miðast það framlag við daggjald það, sem ákveðið var í júlí sl. og þá aukningu legurymis, sem um var vitað á þeim tíma. Eftirfarandi yfirlit sýnir helztu þætti sjúkratrygginganna samkvæmt áætlun fyrir árið 1976 að óbreyttum lögum og reglum og samkvæmt fjárlögum 1975 til samanburðar.

Sjúkratryggingar 1975 og 1976.
(í millj. kr.)

	Fjárlög 1975	Frumvarp 1976	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	5 710	6 850	1 140
Læknishjálp	428	1 081	653
Lyf	562	1 100	538
Dagpeningar	352	345	÷7
Ýmis sjúkrakostnaður	424	764	340
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	153	138	÷15
Til varasjóðs	36	51	15
Samtals	7 665	10 329	2 664
Útgjaldahluti	7 108	9 565	2 457
Framlag ríkissjóðs á árinu	6 543	9 192	2 649

Áætlunin fyrir árið 1976 sýnir hlutfallslega mjög mikla aukningu á kostnaðarliðum öðrum en vistgjöldum á sjúkrahúsum og hælum, og er þar m. a. stuðzt við reikninga ársins 1974. Einkum er hækkunin hlutfallslega mikil á liðunum læknishjálp vegna kjarasamninga við lækna, lyf vegna gengisbreytinga og mikillar verðhækkunar erlendis að undanfögnu og ýmiss sjúkrakostnaðar, en þar er meðtalinn tannlækningakostnaður skv. nýlegum lögum, sem hér er áætlaður 180 m.kr. á árinu. Gert er ráð fyrir, að viss hluti af útgjöldum, sem til er stofnað á árinu, komi ekki til greiðslu á sama ári.

- 273 Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á liðnum verður 71 000 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig, að atvinnuleysistryggingasjóðsiðgjald atvinnurekenda hækkar um 34 000 þús. kr. og framlag ríkissjóðs um 37 000 þús. kr. Er þá miðað við, að lögbundið ríkisframlag lækki um 5% heildarframlagsins.
- 323 Tryggingaæftirlit. Hér er um nýjan lið að ræða á fjárlögum. Heildarkostnaður er áætlaður 7 572 þús. kr., en skv. lögum (26/1973) greiðist allur kostnaður við eftirlitið af vátryggingafélögum.
- 371—375 Ríkisspítalar. Rekstrargjöld ríkisspítalanna eru, sem kunnugt er, borin uppi af daggjöldum, og kemur ríkishlutinn fram sem framlag til sjúkratrygginga. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni starfslíðsaukningu á ríkisspítölum. Framlög á þessum fjárlagaliðum eru til byggingarframkvæmda. Hækka þau um samtals 52 000 þús. kr. og verða í heild 339 000 þús. kr. Skipting á einstök sjúkrahús er þannig í þús. kr.:

Landspítalinn	246 000
Fæðingardeild	72 000
Vífilsstaðir	11 000
Kristneshæli	10 000
	<hr/>
	339 000

Á Landspítala verður 78 000 þús. kr. varið til áframhalds byggingar geðdeildar, 53 000 þús. kr. til að ljúka byggingu rannsóknastofa, 46 000 þús. kr. til greiðslna vegna röntgentækjakaupa, 40 000 þús. kr. til greiðslu búnaðar í Hátúnsdeild, 20 000 þús. kr. til kaupa á nýrri símamiðstöð og 9 000 þús. kr. vegna stjórnar, eftirlits o. fl. Auk þessa er áætlað að verja 140 000 þús. kr. af framkvæmdafé háskólans til mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, þannig að til ráðstöfunar þar verða samtals 386 000 þús. kr. Til að ljúka nýbyggingu fæðingardeildar eru ætlaðar 72 000 þús. kr. og til húsnæðis fyrir barnaheimili við Vífilsstaðaspítala 10 000 þús. kr. til viðbótar sömu fjárhæð á fjárlögum 1975. Loks eru áætlaðar 11 000 þús. kr. til byggingar lyftuhúss og kaupa á lyftu á Kristneshæli.

- 381 Til sjúkrahúsa, heilsugæzlustöðva, elliheimila og læknisbústaða. Þessi framlög hækka um samtals 197 664 þús. kr., þar af styrkur til rekstrar heilsuverndarstöðva 9 839 þús. kr. og til byggingarframkvæmda 187 825 þús. kr. Að því er varðar skiptingu hækkunar til byggingarframkvæmda hækka framlög til læknisbústaða um 12 235 þús. kr., til elliheimila um 12 525 þús. kr. og til sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva um 163 065 þús. kr. Sundurliðaður listi, er sýnir framlög til einstakra framkvæmda, verður lagður fyrir fjárveitinganefnd, og enn fremur er unnið að áætlun um framkvæmdir næstu fjögurra ára í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Framlög til sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva miðast við það, að ekki verði teknar á fjárlög fjárveitingar til nýrra framkvæmda á árinu 1976.

- 391 **Héraðslæknar og heilsugæzlustöðvar.** Kostnaður eykst um 24 970 þús. kr., þar af fjölgun um þrjár sérلærðar hjúkrunarkonur 3 054 þús. kr., en aðrar hækkunar eru afleiðing kjarasamninga og verðlagshækkana.
- 399 **Ýmis heilbrigðismál.** Heildarhækkun á liðnum er 27 756 þús. kr., og eru þessar hækkunar helztar: Námskeið heilbrigðisstétta 10 687 þús. kr., matvælarannsóknir 3 125 þús. kr., ljósmæðralaun 2 100 þús. kr., lyfjæftirlit 1 947 þús. kr., kostnaður vegna laga um fóstureyðingar o. fl. 2 015 þús. kr., Minningarsjóður Landspítalans (markaður tekjustofn) 2 000 þús. kr., námsferðir héraðslækna 1 098 þús. kr., blóðrannsóknir ungbarna 978 þús. kr., lyfjaskrárnefnd 925 þús. kr. og aðrir liðir samtals 3 181 þús. kr., en niður fellur fjárveiting vegna ráðstefnuhalds háls-, nef- og eyrnalækna 300 þús. kr.
- 471 **Gæzlúvistarsjóður.** Framlag hækkar um 25 200 þús. kr. og verður 54 900 þús. kr. Af því fara 1 700 þús. kr. til að styrkja Vernd og Bláabandið og 53 200 þús. kr. til framkvæmda, en það er 25 200 þús. kr. hækkun. Skipting framkvæmdafjárins er þannig, að 34 000 þús. kr. renna til að ljúka byggingu drykkju-mannahælis á Vífilsstöðum, 11 400 þús. kr. til byggingar vinnuskála í Gunnars-holti og 7 800 þús. kr. til nýbyggingar að Viðinesí.

09 Fjármálaráðuneytið.

- 103 **Ríkisbókhald.** Kostnaður við ríkisbókhald eykst mjög verulega, eða um 23 170 þús. kr., og eru á því tvær meginþættir. Annars vegar hefur starfsemin aukist mjög mikið við það að yfirtaka bókhald ýmissa ríkisstofnana, og hafa bætt við um 140 fyrirtæki á síðustu árum, og hins vegar hefur reynslan leitt í ljós verulega vanáætlun, ekki sízt vegna kostnaðar við skýrsluvélapjónustu. Gert er ráð fyrir ráðningu fjögurra nýrra starfsmanna, þ.e. fulltrúa, skrifstofumanns og tveggja götunarstúlkna, og er kostnaður samtals 3 308 þús. kr., en verðlagshækkunar, aukin starfsemi og vanáætlun í fjárlögum 1975 skýrir afgang hækkunarinnar.
- 104 **Ríkisféhirzla.** Kostnaður eykst um 1 637 þús. kr., þar af ráðning skrifstofu-manns 812 þús. kr., og 825 þús. kr. stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Heildarkostnaður hækkar um 64 656 þús. kr. Launaliður hækkar um 50 250 þús. kr., þar af ráðning ritara á Akranesi 783 þús. kr., fulltrúa í Vestmannaeyjum 1 018 þús. kr., afgreiðslustjóra í Hafnarfirði 871 þús. kr. og þriggja skattendurskoðenda við sama embætti, samtals 2 685 þús. kr. Aðrar launahækkunar, 44 893 þús. kr., eru afleiðing kjarasamninga. Aðrir rekstrarliðir hækka um samtals 14 406 þús. kr., eða 23,8%, sem er vel innan marka verðlagshækkana.
- 481 **Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.** Kostnaður á þessum lið er áætlaður 116 750 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1975 með tilliti til þeirrar aðhaldsstefnu í útgjaldaákvörðunum, sem stefnt er að með fjárlagafrumvarpinu.
- 971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Framlag hækkar um 478 600 þús. kr., og eru þá teknar inn lánagreiðslur vegna togara, samtals 528 600 þús. kr., sem skiptist þannig, að 435 600 þús. kr. eru vegna 13 togara af stærri gerð og 93 000 þús. kr. vegna annarra togara. Aðrar greiðslur til sjóðsins eru 50 000 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1975.
- 981 **Skrifstofubygging við Grensásveg.** Framlag er óbreytt frá fjárlögum 1975, þ.e. 40 000 þús. kr. Fjárveiting ársins 1975 var skorin niður að fullu það ár skv. efnahagsmálalögum, þannig að fé verður ekki til ráðstöfunar á því ári. Í

athugasemdom við fjárlagafrumvarp 1975 var þess getið, að ætlunin væri að tiltekna eftirlitsstofnanir flyttust í þetta húsnæði, en nú hefur verið horfið frá því ráði og ákveðið, að Orkustofnun flytji starfsemi sína þangað. Framkvæmdatími er áætlaður 3 ár og kostnaðaráætlun um 160 000 þús. kr. miðað við verðlag í september.

- 999 Ýmislegt. Framlög á þessum lið lækka um samtals 10 554 þús. kr. nettó, og kemur sú lækun þannig fram: Framlag vegna yfirtöku lána frá Laxárvirkjun hækkar um 18 000 þús. kr., til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaga 11 400 þús. kr., til orlofsheimila BSRB 6 000 þús. kr., kostnaður við kjarasamninga 2 500 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður 1 620 þús. kr., orlofsheimili BHM 1 000 þús. kr., og nýir liðir eru skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna 36 700 þús. kr. (fært af launadeild), tryggingabætur skv. kjarasamningum 5 700 þús. kr. og álestur öikumæla 890 þús. kr. Á hinn bóginn lækka framlög til kaupa á dagblöðum um 4 450 þús. kr., lífeyrissjóður bænda um 700 þús. kr., óviss útgjöld um 500 þús. kr. og símakostnaður og burðargjöld stjórnarráðsins um 1 214 þús. kr., og niður falla liðirnir áætlað framlag til togaralána 86 500 þús. kr. og kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda 1 000 þús. kr., en sú starfsemi verður á vegum háskólans.

10 Samgönguráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 3 279 þús. kr., þar af staða fulltrúa 1 208 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkningar.
- 211 Vegagerð. Útgjöld vegna vegagerðar eru áætluð samtals 3 939 558 þús. kr., og er það 396 939 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1975. Áætlun þessi er í samræmi við þingsályktun Alþingis frá 16. maí 1975 um vegáætlun árána 1974—1977 að öðru leyti en því, að ríkissjóðsframlag er lækkað sem nemur 5% heildarútgjalda annarra en launa. Fjár til að standa undir þessum útgjöldum er ætlað að afla sem hér segir í þús. kr.:

	Frumvarp 1976	Hækkun frá fjár. 1975
Innflutningsgjald af benzíni, nettó	1 934 000	192 000
Þungaskattur	537 000	125 000
Gúmmígjald	99 000	3 000
	<hr/>	<hr/>
Fastir tekjustofnar samtals	2 570 000	320 000
Framlag ríkissjóðs	325 000	÷55 000
Framlag ríkissjóðs til að halda uppi byggð og gístaðstöðu fyrir ferðamenn	3 088	÷1 912
Lántökur	1 050 000	137 000
	<hr/>	<hr/>
	3 948 088	400 088
Frá dregst: endurgr. vélakaupaláns	8 530	3 149
	<hr/>	<hr/>
Til ráðstöfunar	3 939 558	396 939

Auk framangreinds beins ríkissjóðsframlags greiðir ríkissjóður 360 307 þús. kr. af lánnum vegna vegagerðar, en það er 140 830 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1975.

- 321 **Strandferðir, framlög.** Liðurinn hækkar um 50 461 þús. kr., þ. e. 54 015 þús. kr. vegna aukins halla á rekstri Skipautgerðar ríkisins, en þó er gert ráð fyrir 40% hækkun á far- og farmgjöldum frá upphafi næsta árs, en framlag til flóabáta og vöruflytninga lækkar um 3 554 þús. kr., eða 5%.
